

2. tölublað, 11. árgangur. Desember 2015

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



Indriði Pálsson, fv. Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi

Fæddur 15. desember 1927. Dáinn 13. maí 2015.

pípu

lakk

Allt frá hatti oní skó



Hattar

Treflar



Kjólskyrtur



Hátíðavesti (5 hnappa)

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Erma- og brjósthappa



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lakkskór (ný tegund)



Lindaklemma/
bindisnæla



FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (X)
steingrimur.saevarr@gmail.com

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (X)
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (IX)
olafurs@grantthornton.is

Pétur S. Jónsson (VII)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VI)
thor12@ru.is

Pórhallur Birgir Jósefsson (IX)
thorjose@simnet.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VIII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Indriði Pálsson, fv. Stórmeistari Frímúrarareglunnar.
Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Velkominn, bróðir

Þetta eru orð sem allir frímúrarar þekkja. Með þeim lýkur upp-töku í Regluna. Langur ferill er að baki og markmiðinu loks náð. Nýjum bróður er heilsað og hann boðinn velkominn í bræðrahópinn. Á þessum tímamarki fer margt um huga hins nýja bróður. Hann er staddur á ókunnum stað, í nýju umhverfi, í miðjum hópi bræðra. Allt er nýtt.

Það fer ekki hjá því að flest kemur nýjum bróður á óvart þetta fyrsta kvöld hans í Frímúrarareglunni. Gamlir siðir, formfesta, ávörp og húsakynni eru meðal þess sem vekur athygli hans og honum er vel ljóst að hann á margt ólært. En bræðurnir fagna honum og hlý handtök þeirra og hamingjuóskir ylja hjartarætur. Vonandi á hann þarna heima.

Og reynslan sýnir að 75% nýrra bræðra falla vel inn í heim Reglunnar og taka strax til við að til-einka sér siði og venjur hennar.

En það er áhyggjuefni að 25% nýrra bræðra eiga í erfðleikum með að tengjast bræðrahópnum eða verða fyrir vonbrigðum. Þetta var eitt af mörgu meriklegu sem kom fram í skoðanakönnun meðal bræðranna í stefnumótuninni á síðasta ári. Sem sagt fjórðungi nýrra bræðra gengur ekki vel að aðlaga sig að Reglunni eða finna sig í starfinu. Það eru of margir bræður og hér er því verk að vinna.

Sérstakar skyldur eru í þessu efni lagðar á Stólmeistara og meðmælendur sem eiga að sjá til þess að nýir bræður fái fylgd á fyrstu fundi og sé kynnt allt sem þeir

þurfa að vita skil á. Mér finnst sérlega mikilvægt að a.m.k. annar meðmælenda sé bróðir í þeirri stúku sem ungbróðirinn er félagi í og geti þannig verið honum stoð og stytta – ekki aðeins á inntökufundi. Sé það ekki hægt þarf að finna aðra bræður í stúkunni sem taka þetta hlutverk að sér.

En við allir höfum skyldum að gegna gagnvart nýjum bróður. Enginn er undanskilinn. Ef við sjáum einhvern tíma bróður einan og afskiptalausán þá eigum við að tala við hann, kynnst honum og kynna hann fyrir öðrum bræðrum. Þetta

gildir ekki aðeins um nýja bræður. Þetta á við um alla bræður. Bræðurnir eru misvel duglegir að blanda geði við aðra bræður og við eigum að hjálpa hver öðrum í því.

En að fjórðungur nýrra bræðra lendi í erfðleikum með að tengjast Reglunni og bræðrunum segir okkur að við kunnum ekki nógu vel að taka á móti nýjum bræðrum. Við vitum að Frímúrarareglan hefur svo margt og merkilegt að bjóða en nýjum bræðrum þarf að kynna það og styðja þá fyrstu skrefin. Við þurfum að sjá til þess að nýr bróðir hlakki til að koma til næsta fundar og það er verkefni okkar allra.

Í starfi Frímúrarareglunnar eru siðabálkar og umgjörð starfsins mikilvæg og boðskapurinn ómetanlegur en tengsl bræðranna og samskipti þeirra eru grundvöllur bræðralagsins. Hann birtist best í orðunum: „Velkominn, bróðir.“

Valur Valsson



Valur Valsson.



Þín verslun
Seljabraut

Seljabraut 54 - Sími 557 1780



Kjötborð
í algjörum
sérflokki



Ánægðir viðskiptavinir í aldarfjórðung!



27

Tuttugu og sjö ár
á sama stað



Þín verslun
Seljabraut

Seljabraut 54 - Sími 557 1780





Hjónin Elísabet Guðný Hermannsdóttir og Indriði Pálsson á leið til móttöku á Bessastöðum skrýdd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu.

Minningarfundur um Indriða Pálsson, fv. Stórmeistara

Sérstakur minningarfundur um Indriða Pálsson, fv. Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, var haldinn í Regluheimilinu 3. september sl.

Fjöldi bræðra heiðraði minningu hans þar. Ræðumaður var Þorsteinn Sv. Stefánsson, R&K, og fer ræða hans hér á eftir.

Indriði Pálsson var fæddur á Siglufirði, 15. desember 1927.

Foreldrar hans voru María Sigríður Indriðadóttir, húsfreyja frá Siglufirði (f. 1900, d. 1935) og Páll Ásgrímsson, verkamaður og síðar verslunarmaður

á Siglufirði (f. 1892, d. 1978). Foreldrar Sigríðar voru Indriði Jóhannsson, sjómaður og verkamaður á Siglufirði, og Oddný Björg Jóhannsdóttir bónda á Steinavöllum í Fljótum.

Foreldrar Páls voru Ásgrímur Sigurðsson, smiður og bóndi og Sigurlaug Sigurðardóttir, húsfreyja. Þau bjuggu á nokkrum stöðum í Fljótum en lengst 11 ár í Dæli, sem var lítið kot sem nú sjást engin merki um lengur. Þar byggði Ásgrímur ágæta baðstofu sem var þiljuð í hólfi og gólf. Bærinn í Dæli brann svo ofan af fjölskyldunni aðfaranótt páskadags 1918 og missti hún þar aleigu sína. Við þetta tvístraðist fjölskyldan að nokkru leyti.

Ásgrímur og Sigurlaug eignuð-

ust 13 börn, fjögur dóu í æsku og einn sonur þeirra drukknaði á hákarlaskipi 21 árs.

Þau hjón voru bæði trúuð eins og víða kemur fram í ljóðum Ásgríms, sem var vel hagamæltur.

Í minningarorðum sem Sæmundur Dúason kennari skrifaði um Sigurlaugu, látna á 91. aldursári sínu, segir hann:

„Æviferill þeirra Sigurlaugar og Ásgríms var þvítíkur, að furðu má gegna hvernig þeim tókst að lifa lífi sínu eins og þau gerðu, varðveita lífsgleði sína og trú á lífið þrátt fyrir allt. Þau voru bláfátæk alla ævi. Ég er viss um að við, sem ekki erum nema litlir trúmenn sjálfir, fáum aldrei skilið



Ljósmynd: Eyþór Árnason

Líkmenn við útför Indriða Pálssonar voru Sigurður Örn Einarsson, fv. SMR, Allan V. Magnússon, HSM, Jón Sigurðsson, DSM, Kristján Þórðarson, IVR, Þorsteinn Sv. Stefánsson, fv. IVR, Kristján S. Sigmundsson, FHR, Gunnlaugur Claessen, STR og Pétur Kjartan Esrason, YAR.

til hlítar hvíllkur aflagjafi trausts og öryggis guðstrúin var á þessum tímum, þeim sem einlægir trúmenn voru.”

Hörð lífsbarátta

Í endurminningum sínum segir Dagbjört, móðir mín, að Ásgrímur faðir hennar hafi lesið húslestur á hverju kvöldi á vetrum og að sunginn hafi verið kvöldsálmur bæði fyrir og eftir lesturinn. Á sunnudögum var lesið um hádaginn ef ekki var farið til kirkju. Einnig var farið með bæn áður en farið var að heiman. Mikið varungið á heimilinu, þótt ekkert væri hljóðfærið í fyrstu, en síðar eignaðist Páll Ásgrímsson flölu og spilaði á hana, aðallega eftir eyranu og fórst það vel. Börnum sínum kenndu þau hjónin kvöldbænir sem þau fóru með á hverju kvöldi.

Ég segi frá þessu hér ef vera mætti, að þeir sem nú lifa geti áttað sig á því hve hörð sú lífsbarátta var, sem þau hjónin, amma og afi okkar Indriða, og margir aðrir Íslendingar þurftu að heyja á þeim tíma. Það var trúin á Guð sem var afa og ömmu sú stoð og sá

styrkur, sem gerði þeim lífið bærilegt.

Auk Indriða áttu þau Páll og Sigurður tvo aðra syni, þá Einar f. 1929 og Ásgrím f. 1930, en þeir voru báðir félagar í Reglunni. Þeir eru báðir látnir.

Árið 1933 hófu foreldrar mínir búskap á Grund í Svarfaðardal, og þangað kom Indriði með Páli föður sínum í heimsókn þá um sumarið. Á Grund var þá torfbær, en lýsingin á honum bendir til þess að hann hafi varla verið íbúðarhæfur. Indriði, sem þá var 5 ára, gekk umhverfis bæinn og skoðaði hann og sagði svo við móður mína: „Ljótur er bærinn, þinn frænka.” Árið eftir varð Dalvíkurskjálftinn og þá hrundi bærinn og nýtt hús var byggt þá um sumarið.

Móðurmissir

Sigurður móðir þeirra bræðra lést 3. des. 1935, aðeins 35 ára að aldri.

Þá var Indriði rétt að verða 8 ára, Einar 7 ára og Ásgrímur 5 ára. Þegar Páll missti eiginkonu sína, frá þeim bræðrum þremur svo ungum, var hann í vanda staddur. Hann sá fram á, að hann gæti ekki með neinu móti ann-

ast þá alla einn. Hann skrifaði móður minni og bað hana að taka einn drengjanna. Hún valdi Ásgrím af því að hann var yngstur og ólst hann upp með okkur systkinunum á Grund.

Enginn vafi er á því, að það var mikið áfall fyrir þessa ungu bræður að missa móður sína. Slík áföll marka djúp spor í sálu sérhvers sem fyrir því verður, ekki síst barna. Páll kvæntist þó aftur 1939, Ingibjörgu Sveinsdóttur og eignuðust þau þrjú börn: Sigríði, Lilju og Magnús.

Þegar faðir hans kvæntist aftur var Indriði að verða 12 ára og á leið inn í unglingsárin. Hann byrjaði snemma að vinna, fyrst sem sendill, en svo var nógá vinnu að fá á síldarárunum á Siglufirði. Eftir að hafa lokið grunnskólanámi á Siglufirði, fór hann í Menntaskólann á Akureyri og lauk stúdentsprófi þaðan 1948. Allan þann tíma vann hann sjálfur fyrir sér og skólagöngu sinni.

Hann hélt áfram námi í Háskóla Íslands og lauk þaðan embættisprófi í lögfræði 1954 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1958. Ind-

riði var formaður Stúdentafélags Háskóla Íslands 1949-1950.

Starfsferill

Að námi loknu var hann fyrst fulltrúi hjá Sameinuðum verkötum á Keflavíkurflugvelli 1955 til ársloka 1956. Hann starfrækti lögfræðistofu í Reykjavík á árunum 1957-1959, var framkvæmdastjóri Félags löggiltra rafvirkjameistara 1957-1958 og Meistarasambands byggingarmanna frá stofnun þess til ársloka 1958. Hann var fulltrúi forstjóra Olúfélagsins Skeljungs frá ársbyrjun 1959 til ársloka 1970 og forstjóri Skeljungs frá ársbyrjun 1971 til 1. júlí 1990. Þá varð hann stjórnarformaður Skeljungs og gegndi því starfi til 1999. Indriði sat í stjórn Hf. Eimskipafélags Íslands árin 1976-1999, sem varaformaður stjórnar 1984-1992 og stjórnarformaður frá 1992-1999. Indriði gegndi einnig fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum í atvinnulífinu, m.a. sat hann í stjórn Flugleiða hf. 1988-2001 og í stjórn Ferðaskrifstofunnar Úrvals-Útsýnar hf. 1987-1992. Þá sat hann í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands 1972-1978 og í stjórn Verslunarráðs Íslands 1982-1990.

Indriði var félagi í Rótaryklúbbi Reykjavíkur og sinnti þar stjórnunarstörfum á árunum 1984-1987, þar af sem forseti 1985-1986.

Indriði var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1988 og stórriddarakrossi 1993.

Fjölskylda

Indriði kvæntist Elísabetu Guðnýju Hermannsdóttur (f. 1928) frá Seyðisfirði hinn 15. janúar 1955. Var hún eiginmanni sínum styrk stoð og góður ævifélagi. Börn þeirra eru: Sigríður, gift Margeiri Péturssyni, stórmeistara í skák og stofnanda MP-banka, og Einar Páll, svæfinga- og gjörgæslulæknir á Landspítalanum, kvæntur Höllu Halldórsdóttur. Barnabörnin eru fjögur: Elísabet Margeirdóttir, Indriði Einarsson, Halldór Einarsson og Ingibjörg Einarisdóttir.

Safnari

Indriði var fagurkeri og safnari. Hann safnaði bókum og átti gott bókasafn. Auk þess átti hann mörg falleg málverk sem hann hafði keypt gegnum árin, en hann var tíður gestur

á málverkasýningum. En þrátt fyrir þetta var frímerkjasöfnun hans samt það sem hann sinnti mest, aðallega á kvöldin eftir vinnu. Mér hefur verið sagt að frímerkjasafn hans hafi verið eitt hið stærsta á landinu, jafnvel stærra en safn Póstsins! Síðar minnkadi þó áhuginn á frímerkjasöfnun.

Indriði var vanafastur og ekki nýjungagjarn. Hann var alþýðlegur maður og fremur sparsamur, enda hafði hann alist upp við það, að geta ekki fengið allt sem hann vildi og þurfa að vinna fyrir því sem hann fékk. Hann fór í sundlaugina á hverjum morgni árum saman með sundfötin í plastpoka og hittu þar sundfélaga í heita pottinum.

Indriði var gæfumaður. Hann eignaðist góða eiginkonu og indæl börn og barnabörn og átti gott og farsælt líf. Hann hefði því getað tekið undir orðin í þessari vísu sem Páll faðir hans orti:

Ég er nú glaður á gengnum degi
guði sé lof ég kvarta eigi
því hamingjan hefur hossað mér
á höndum sem máski enginn sér.

Frímúrarinn Indriði Pálsson og störf hans fyrir Regluna

Indriði gekk í Frímúrararegluna 25. janúar 1960, í St. Jóhannesarstúkuna Mími. Meðmælendur hans voru Guðmundur Hlíðdal, fv. póst- og síma-málastjóri og Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður og síðar Stórmeistari Reglunnar 1983-1988.

Indriði fékk III. stig 1962, VII. stig 1967, X. stig 1972.

Í stúkunni Mími gegndi hann eftirfarandi embættum: Vara Yngri stólvörður og síðar Yngri stólvörður á árunum 1963-1971. Fyrsti Varamestari 1971-1974. Í Landsstúkunni var hann Yngri Stórstólvörður 1974-1975, er hann varð R&K. Hann var Reglu-féhirðir og Oddviti Fjárhagsráðs 1975-1976, Dróttseti Stórmeistarans 1976-1983 og Hersir Stórmeistarans 1983-1988. Indriði var formaður söfnunarnefndar vegna byggingar Regluheimilisins við Skúlagötu og í hússtjórn þess um nokkurt skeið og sá um fjármálin varðandi bygginguna.

Hann var kjörinn Stórmeistari Reglunnar 17. september 1988, að Gunnari J. Möller látnum, og gegndi því embætti til ársins 1999, er hann lét af embætti að eigin ósk. Reyndar stjórnaði Indriði Reglunni í veik-

indum Gunnars J. Möller síðasta hálf tannað árið sem Gunnar lifði.

Eftir að Indriði hafði tekið við embætti SMR fór hann að huga að því að stúkurnar úti á landi tækju meiri þátt í hinu almenna starfi og stjórn Reglunnar. Þannig fór hann að auka hlut bræðra af landsbyggðinni, m.a. komu tveir slíkir bræður inn í embætti í Landsstúkunni, sem R&K. Þetta var gert til þess að treysta betur tengslin við stúkurnar annars staðar á landinu en á höfuðborgarsvæðinu.

Hann lét samstarfsmenn sína hefja samræmingu síðabálka stúknanna í landinu, en þá vantaði verulega á að samræmi væri þar á milli. Sömuleiðis jók hann sýnileika Reglunnar út á við og einnig innan hennar, t.d. hvað varðaði eiginkonur bræðra. Við það varð Reglan frjálslyndari og t.d. öðluðust systurnar nánara samband við hana með úgáfu bæklinga um Regluna, án þess þó að nokkuð væri slakað á þeirri leynd sem hvílir yfir sjálfu starfinu.

Indriði tók þátt í fyrstu gerð Grundvallarskipanar Reglunnar, það er að segja fyrstu köflunum, ásamt Karli Guðmundssyni og Gunnari J. Möller.

Hann endurskipulagði stjórn og starfshætti Reglunnar þannig að hún varð bæði frjálslegri og skipulegri en áður. Hann treysti þeim mönnum sem hann hafði valið til starfa og var ekki að horfa yfir öxlina á þeim. Engu að síður fylgdst hann ávallt vel með og setti sig vel inn í málin.

Indriði hafði frumkvæði að stofnun Frímúrararsjóðsins, sem er styrktar- og manúðarsjóður eins og gerist á hinum Norðurlöndunum. Hann lýsti því yfir síðar, að miðað við önnur störf sín væri hann hvað hreyknastur af því að hafa stofnað þennan sjóð.

Indriði styrkti tengslin við Reglurnar í Svíþjóð og Noregi, auk dönsku Reglunnar sem alltaf hafði verið sérstakt samband við.

Indriði var sæmdur heiðursmerkjum allra þá starfandi St. Jóh. og St. Andr. stúkna á Íslandi og var heiðursfélagi í frímúrarareglunum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Hann var vígður riddari hinnar konunglegu Carls XIII. orðu 22. mars 1989.

Hann var valinn heiðursfélagi Frímúrarareglunnar á Íslandi 7. janúar 2006.

Indriði lést 13. maí sl. á Landspítalanum í Fossvogi á 88. aldursári sínu.



Ljósmynd: Eyþór Arnason

Heiðursvörð við útför Indriða Pálssonar skipuðu Björn Ó. Björgvinsson, Stm. Helgafells, Guðmundur Steingrímsson, Stm. Eddu og Hákon Örn Arnþórsson, Stm. Mímis.

Kveðja frá Frímúrarareglunni

Indriði Pálsson gekk í Frímúrararegluna árið 1960. Það reyndist gæfuspor. Með honum fékk Reglan sterkan liðsmann. Frá byrjun var hann afar virkur í starfinu og honum brátt falin mikilvæg embætti. Og samfleytt í aldarfjórðung gegndi hann hverju embættinu á fætur öðru uns hann var kjörinn áttundi Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi árið 1988. Þessu æðsta embætti innan Reglunnar gegndi Indriði til ársins 1999 er hann lét af störfum að eigin ósk.

Indriði var mikilhæfur og farsæll foringi. Hann var ákveðinn og fastur fyrir en hann var líka jákvæður og vinsamlegur í öllum samskiptum. Hann átti gott með að fá aðra til samstarfs og kunni þá list að hlusta á aðra og fela öðrum verkefni.

Undir hans forystu var framfaraskeið í Frímúrarareglunni. Bræðrunum fjölgaði og starfið blómstraði. Indriði var áhugasamur um tónlist-

arflutning í Reglunni. Hann hafði frumkvæði að stofnun Frímúrarakórsins og ákvað að láta smíða nýtt orgel fyrir hátíðarsal Reglunnar í Reykjavík. Indriði hafði líka forystu um stofnun Frímúrararsjóðsins, sem er menningar- og mannúðarsjóður Frímúrarareglunnar en úr þeim sjóði var í fyrsta sinn veitt fé á 50 ára afmæli Reglunnar árið 2001. Indriði var ætíð mjög áhugasamur um framgang og starfsemi sjóðsins.

Frímúrarar á Íslandi sjá nú á bak einum af bestu forystumönnum sínum. Að leiðarlokum lúta þeir höfði í þökk fyrir góðan foringja og félagaga og biðja Hæstan Höfuðsmið að leiða hann á nýjum vegum. Við sendum eiginkonu og fjölskyldu allri hugheilar samúðarkveðjur.

Valur Valsson.



Ljósmynd: Eyþór Árnason

Útför Indriða Pálssonar

Útför Indriða Pálssonar, fv. Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, var gerð með viðhöfn frá Neskirkju þriðjudaginn 26. maí 2015.

Sr. Örn Bárður Jónsson ÆKR jarðsöng.

Í minningarorðum lagði sr. Örn Bárður m.a. út af „brjóstkirkjunni“ eins og helgidómur hjartans er nefndur í íslenskri prédikun sem birtist í homiljubókinni frá því um árið 1200. Hann sagði Indriða hafa verið mótaðan af hinni kristnu lífssýn og félagsstarfið sem hann helgaði krafta sína í áratugi, frímúrarastarfið, efldi í honum þá sýn og lét klukkurnar óma í brjóstkirkju hans. Í trúnni hlaut hann afl og styrk til að lifa og takast á við mótlæti.

Mótsagnir trúarinnar eru margar og áhugaverðar, sagði sr. Örn Bárður, og þær er hægt að sætta í brjóstkirkjunni, í hjartanu, sem skilur allt sem heilinn ekki ræður við. Því sagði sr. Örn Bárður:

„Bænin er lykill að skilningi og inn-sæi í dýpstu og erfiðustu spurningar lífsins. Skilur heilinn ást? Skilur heilinn fyrirgefningu? Miskunn? Náð? Óendanleika? Eilífð? Nei, en hjartað megnar að skilja mótsagnir lífsins.

Lífið er ekki bara dautt efni heldur lifandi puls, hjartsláttur himins-elsku í brjósti manns. Þú finnur það þegar þú hittir fólk hvernig hjarta þess er, hvort brjóstkirkjan er lifandi eða ekki. Indriði hafði útgeislun góðs manns. Hann var heillyndur og trúr í sínum verkum, ekki fullkominn frekar en við, en vænn maður og drengur góður. Hin síðari árin kom hann oft hingað í Nes-

kirkju. Hér er hann kvaddur með virðingu og þökk, undir tákni krossins og vatnsmerki skírnarinnar, sem skilar þeim heim sem Drottinn hefur helgað sér.“

Aðrir R&K viðstaddir útförina voru auk Vals Valssonar, SMR og Tore Evensen, SMR í Noregi, þeir Aðalsteinn V. Júlíusson, Sigurður Kr. Sigurðsson, Sigurður J. Sigurðsson, Júlíus Egilsson, Jón Birgir Jónsson, sr. Þórir Stephensen, Kristján Jóhannsson, Þórður Óskarsson, Björn Samúelsson, Werner Ívan Rasmusson og sr. Vigfús Þór Árnason.

Organisti var Steingrímur Þórhallsson. Karlakór Reykjavíkur söng undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar.

Br. Örnólfur Kristjánsson lék Kveðjulag frímúrarara á selló við orgelundirleik.

Frímerkjasafnarinn Indriði Pálsson:



Indriði Pálsson á heimili sínu með frímerkjaalbúm í kjöltu sinni.

Ljósmynd: Morgunblaðið/Rósa Braga

Safn sem bar ægishjálms yfir önnur söfn af sama toga

Indriði Pálsson var þekktur frímerkjasafnari og safn hans var afar vel þekkt meðal safnara hérlendis sem og erlendis. Í 2. tbl. Frímerkjablaðsins, sem kom út árið 2000, var talsverð umfjöllun um frímerkjasafnarann Indriða og segir þar m.a.:

„Meðal áhugasamra Íslandssafnara hérlendis eða erlendis þarf ekki að kynna Indriða Pálsson. Þótt ýmsum söfnurum, einkum erlendum, hafi tekist að setja saman umfangsmikil og góð Íslandssöfn á síðustu áratugum og þar með aukið hróður íslenskra frímerkja er óhætt að fullyrða að í mörg ár hefur Íslandssafn Indriða borið ægishjálms yfir önnur söfn af sama toga og sú þekking á íslensku frímerkjasafni, sem hann hefur aflað sér á löngum safnaraferli endurspeglast í þessu sama safni, þar sem saman fer, auk augljóslegrar þekkingar, vönduð úr-

vinnsla og afburða efni, sökum fágætis og gæða.“

Umfangsmikið safn

Er því næst rakið að þó Indriði hafi ekki verið sýningarglaður maður, hafi safnið verið með á þó nokkrum sýningum og hlotið verðskuldað lof sýningargesta og viðurkenningu dómnefnda á fjölmörgum sýningum. Segir svo:

„Umfang safnsins er mikið, heilar 128 síður, og skiptast þar á ónotuð frímerki og notuð, ýmist stök eða stærri einingar og svo póstsendingar, bréf eða heilpóstur. Ónotuðu merkin eru nákvæmlega greind eftir því sem hægt er, staða þeirra í örk, litarafbrigði og mismunandi tökkun. Þá eru prufuprentanir sýndar og sjá má einnig prufuprentanir með frummóti, en þær eru afar sjaldgæfar, aðeins þrjú

eintök þekkt af skildingamerkjum og fjögur eintök af auramerkjum.“

Þá er farið ítarlega yfir safn Indriða, forfrímerkjatíð, skildingamerki og loks auramerki. Þar segir:

„Eins og gefur að skilja er auramerkjakafinn í safni Indriða Pálssonar langsamlega umfangsmestur og þar eru perlurnar á færiband. Ónotuð og notuð merki, stök og stærri einingar, þar sem allt er nákvæmlega greint og útskýrt, og svo eru það bréfin, innlandsbréf og bréf til útlanda, sjaldgæfir erlendir skipsstimplar, leiðarstimplar og komustimplar, auk þess sem flóra burðargjalda er einstök.“

Indriði nauð gríðarlegrar virðingar í röðum frímerkjasafnara og ber safn hans merki um þá natni og alúð sem einkenndi störf Indriða, en jafnframt um högværð hans og mikla þekkingu.



AFSLÁTTUR



- Úrval kjólfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Kjólföt

- Fjórðing í glæsileika

Bjóðum afslátt af öllum kjólfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrarábræður. Verð áður **89.800 kr.** Verð nú **76.900 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorólfsson, Bóbo

Sigurður Þorólfsson (Bóbo)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033

■ ■ Átt þú verðmæti eða gögn sem þurfa að vera
ÖRUGG?



Eitt mesta úrval landsins af öryggiskápum fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig



S T O F N A Ð 1 9 5 3
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Sagnfræðingur norsku Reglunnar á fyrirlestraferð

Helge Björn Horrisland, sagnfræðingur norsku Reglunnar og vara-meistari norsku rannsóknarstúkunnar, Niels Treschow, kom í heimsókn í nóvember á vegum Fræðslunefndar Fræðsluráðs og Rannsóknarstúkunnar Snorra. Helge hélt fjóra fyrirlestra þá fjóra daga sem hann dvaldi hérlandis. Á vegum Rannsóknarstúkunnar Snorra hélt hann tvo fyrirlestra í Ljósa-tröð og fjallaði sá fyrri um seinni heimsstyrjöldina og frímúrara en hinn síðari um hvort leyndin væri á undanhaldi í Reglunni. Vel var mætt



Ljósmynd: Ólafur Magnússon

á báða fyrirlestrana og gerður góður rómur að þeim. Helge gat þess meðal annars hvers vegna Hitler hefði valið Frímúrararegluna sem einn af þeim þremur hópum sem hann gerði að óvinum og réðst á og hvers vegna Frímúrarareglan varð fyrst þeirra fyrir barðinu á nasistum. Hann benti á að það hefði m.a. verið vegna þess að þeir lágu best við höggi og auðvelt var að ná í félagaskrár þeirra, einnig að það hafi verið erfitt að hafa stjórn á þeim.

Helge sagði að nasistar hefðu tæmt allt bókasafn norsku Reglunnar í Osló ásamt skjalasafni hennar, þannig hafi öll saga norskra frímúrara fyrir 1940 horfið og sé nú niðurkomin í Rússlandi þar sem honum hafi tekist að finna um milljón skjöl sem nú sé reynt að fá til baka. Einnig hefur honum tekist að fá til baka 1.497 bækur af þeim sem geymdar voru í Tékklandi. Helge var sæmdur heiðursmerki norsku Reglunnar fyrir þessi störf sín. Nasistar söfnuðu saman 3,5 milljónum frímúrarabóka og hundruðum tonna af skjölum í Berlín sem þeir tóku víða um Evrópu. Í lok stríðs enduðu margar þeirra ásamt skjalasöfnum í Póllandi, Tékkóslóvakíu og Rússlandi.

Helge hélt einnig fróðlegan og sögulegan fyrirlestur á Kapítula VIII

Helge Björn Horrisland, sagnfræðingur norsku Reglunnar, flytur erindi sitt í Ljósa-tröð í Hafnarfirði.



Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

Pétur Esrason YAR ásamt Helge Björn Horrisland og þeim Kristjáni Jóhannssyni, Ólafi Magnússyni, Kristni Ágústi Friðfinnssyni og Leifi Franzsyni.

og endaði heimsókn sína með því að halda fjórða fyrirlesturinn, þar sem hann fjallaði um árásir á frímúrara, hjá St. Jóh.stúkunni Mími. Góð að-

sókn á alla fyrirlestra Helge sýnir að bræður eru fróðleiksfúsir og tilbúnir til að mæta og hlusta á fróðleg erindi.



Valur Valsson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, flytur ávarp við bróðurmáltíð í Regluheimilinu í Stokkhólmi eftir að hafa verið sæmdur konunglegri orðu Karls XIII. og vígður riddari í Reglu hans.

Valur Valsson SMR sæmdur konunglegri orðu Karls XIII.

Í mars á hverju ári heldur Frímúrarareglan í Svíþjóð Stórhátíð sína. Mikið er um dýrðir við það tilefni og gestir koma hvaðanæva að til taka þátt í þessum hátíðlega viðburði. Við þetta tækifæri, þann 21. mars sl., var SMR Frímúrarareglunnar á Íslandi, Valur Valsson, sæmd-

ur konunglegri orðu Karls XIII. og hann vígður riddari í Reglu hans (RCXIII), en þetta er mesta sæmd sem sýnd er bróður innan sænska frímúrarakerfisins. Valur var tilnefndur til orðunnar 28. janúar sl. af Karli Gústafi XVI. konungi Svía.

Frá Skjalasafni

Halldór Baldursson, Skv. R.

Carl Olsen, verndari „Himnaríkis“

Heimildir um sögu frímúrarastarfs á Íslandi er víðar að finna en í fornum Reglunnar. Hér er fjallað um upphaf kaffistofureksturs frímúrara í Austurstræti 16 (Nathan & Olsen húsinu). Meðal heimilda eru dagbækur Carls Olsen sem eru geymdar í Borgarskjalasafni Reykjavíkur og þar öllum aðgengilegar.¹

Carl Olsen og dagbækur hans

Í 1. tölublaði 10. árgangs Frímúrarans (apríl 2014) var æviferill Carls Olsen rakinn og verður því hér látið nægja að ítreka að hann var einn af frumherjum frímúrarastarfs á Íslandi og mjög virkur í embættum fram á níræðisaldur. Hann varð R&K 1951.

Carl stofnaði fyrirtækið Nathan & Olsen ásamt Fritz Nathan (1883–1942). Þeir byggðu stórhýsi í Austurstræti 16 sem hefur verið nefnt Nathan & Olsen húsið.

Öll frímúrarastarfsemi í Reykjavík fór fram í Nathan & Olsen húsinu frá 1917 til 1951. Dagbækur Carls Olsen frá 1916 og samfelt til 1968 eru í Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Í þeim er að finna miklar upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins Nathan & Olsen, fjölskyldumál Carl, atburði í þjóðlífinu og um frímúrarastarf á Íslandi. Dagbækurnar eru ritaðar á nokkuð dönskuskotinni íslensku.

Upphaf kaffistofustarfsemi í Austurstræti 16. „Himnaríki“ í dagbókum Carls Olsen

Frá 1945 til 1951 var starfrækt kaffistofa frímúrara á rishæð Nathan & Olsen hússins, Austurstræti 16.

Br. Óskar Gíslason ritaði 1973 frásögn um kaffistofuna sem var birt í afmælisritinu *Frímúrarareglan á Íslandi 50 ára* (2001), aftur svo til orðrétt í *Frímúrararanum* 1. tölublaði 5. árgangs (2009) og í þriðja sinn í afmælisritinu *St. Andrésarstúkan Helgafell 80 ára* (2014). Þessi saga er því bræðrum aðgengileg og verður ekki öll endurtekin hér.


Geymslur fyrir einkenni bræðra voru í syðri hluta rishæðar í Nathan & Olsen húsinu, í svokölluðu Risi (mynd 1). Einhvern tíma upp úr 1940 hafði br. Frantz Hákansson fengið leyfi br. Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala til að nýta einnig nyrðri hluta rishæðarinnar, svokallað Háaloft, undir veitingasölu og ýmsa aðra starfsemi frímúrara. Háaloftið var rúmlega 100 fermetrar.

Nokkrir frímúrarabræður (stofnendur) stóðu með vinnu og fjárframlögum að því að að innrétta og útbúa Háaloftið. Svo virðist sem undirbúningur hafi verið kominn í gang þegar 1943. Í bókhaldi kaffistofunnar er skráð 1945: „Upp-tökugjöld frá Hákansson 1943 - '44“ kr. 1.722,17.“

„Himnaríki“ í dagbókum Carls Olsen

Í mars 1945 bregður svo við að Carl Olsen fer að nefna „Himnaríki“ í dagbókum sínum og er þó ljóst að það himnaríki er hér á jörðu. Úr dagbókum Carls:

18. mars 1945. Sunnudagur
(Kl.) 5 - 10 Til Reisugildi í „Himnaríki“ með 30 Br.Br. Cocktail. Smurt brauð. C. O. Protector! Div. Ræður. Framtidarfyrirkomulag?



Risið og Háaloftið.²

Kvæðið í blýhólknunum



Það var einu sinni maður, sem keypti lítill
lítla lóð, lóð, lóð, sem að þótti nokkuð góð,
og þessi lítla lóð, hun er þar sem Godthaab stóð,
þar sem Godthaab, Godthaab, Godthaab gamla stóð.

OG þessi sami maður, hann herpa reisti höll,
reisti höll, höll, höll, því að hann var sjálfur tröll.
við ettum líka að muna það allir - esa Sill.
já, já, Sill, Sill, Sill það, að enn má flytja rjöll.

Sve keypti húsið maður, sem að átti ekki neitt,
ekki neitt, neitt, neitt, nema apótekið eitt,
en enginn skildi hvernig eða hversu það var greitt,
hversu greitt, greitt, greitt, en það gerir ekki neitt.

Hve þeir voru margar í því húsi vissi einhver, hann,
ekki neinn, neinn, neinn, fyr en kem þar áður sveinn,
og hann lét okkur vita - og var nú ekki neinn,
ekki seinn, seinn, seinn, og hann stóð þar, þeinn sem teinn.

Hann fann nú þessa hæð, sem við erum núna á,
erum á, á, á, og því honum þakka má,
hann sggó líka altaf; "Já e' altid að að gá,
að að gá, gá gá, og reyne neire plada að rá".

Nú komið er í stand, sem var áður auðn og tón,
auðn og tón, tón, tón, nema apóteksins gróm,
en sníggjulaust þar enginn blotið himnaríkis blóm,
hi- hi- hiana- hiana- himnaríkis blóm.

*Þessu er altaf glæður.
Andlega stakkuð hlát
þíkur og latil-látur
Létt og kann Velli þróo.*

Í janúar 2014 fannst í skjalasafni Reglunnar blýhólkur, opinn í báða enda.

Í blýhólknunum var vélritað pappírslað og á því kvæði, sex vísur, sem fjallað er um í greininni.



Reisugildið 18. mars 1945. Takið eftir blýhólknum!

26. mars 1945. Mánudagur
(Kl.) 5 - 6½ Fundur í Himnaríki. Konstitution. Lofað tala við Þ. Sch. Th. Semja Grundvellir undir Fyrirtækið.

28. mars 1945. Miðvikudagur
Stolar til Himnaríki 87.50 (kr.).

29. mars 1945. Fimmtudagur (skírdagur)
m/: Þ. Sch. Th. 10½ - 12 + 2 - 4 um fyrirkomulag í Himnaríki.

13. Apríl 1945. Föstudagur
Ól. Lárusson – séra Sigurgeir hér um „Himnaríki!“

14. Apríl 1945. Laugardagur
„Himnaríki. Vilhj. Þór (sem Ól L hefur talad við) samþ húsnaðið afhendist reglunni en stjórnast af 3 stólmeistara + 4 br. frá „Himnaríki.“

17. Apríl 1945. Þriðjudagur
(Kl.) 10 Hos Þ. Sch. m/Forslag til Himnaríkis-rekstur.

18. Apríl 1945. Miðvikudagur
(Kl.) 3½ - 5 Elías Halldorsson hér um Himnaríki.

19. Apríl 1945. Fimmtudagur
(Kl.) 2½ - 3 Hjá Ól. Lárusson um Himnaríki.

(Kl.) 3½ - 4½ Í Himnaríki til Caffé. Ca. 40 - 50 þar.

22. Apríl 1945. Sunnudagur
Hákansen kom með Fotos frá Himnaríki.

18. Maí 1945. Föstudagur
(Kl.) . - 4 Í Himnaríki í fyrsta skifti til Caffé.

19. Maí 1945. Laugardagur
(Kl.) 3 - 4 Í Himnaríki til Caffé.

2 Júní 1945. Laugardagur
(Kl.) 3½ - 4½ Í Himnaríki. Fáir Gestir.

16. september 1945: „Þórður Edilonsson, afmæli í Himnaríki.“³

Eftir þetta er ekki minnst á Himnaríki í dagbókum Carls Olsen.

Ekkert er að finna um Háaloft né Himnaríki í dagbókum Carls Olsen fyrr en 1945.

Hvað þýddi „Himnaríki“ í dagbókum Carls? Svo er að sjá sem kaffistofuhúsnaðið í risi hússins að Austurstræti 16 hafi gengið undir nafninu Himnaríki meðan það var á undirbúningsstigi og meðan verið var að innrétta kaffistofuna. Eftir það virðist nafnið Himnaríki hafa lagst af og húsnaðið hafa gengið undir nafninu Háaloftið.



Nathan & Olsen húsið.

Reisugildið 18. mars 1945. Verndari Himnaríkis

Í áðurnefndri frásögn Óskars Gíslasonar er mynd sem sýnir þrjátíu nafngreinda bræður á Háaloftinu í Austurstræti 16. Fremri röðin situr við borð með kaffibollum.⁴ Fremstir á myndinni talið frá hægri eru Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, Carl Olsen og Þórarinn Guðmundsson (1896–1979. I° 1923, X° 1960, Hm. R. 1963), frægur fiðluleikari. Svo virðist sem Þórarinn sé að rétta Carli eitthvað sem gæti verið bók og sæi þá í kjöl bókarinnar.

Blýhólkurinn. Kvæðið. Vísaskýringar. Stakan. Höfundar?

Í janúar 2014 fannst í skjalasafni Reglunnar blýhólkur, opinn í báða enda. Við nákvæman samanburð á blýhólknum og myndinni frá reisugildinu er augljóst að Þórarinn Guðmundsson og Carl Olsen halda báðir í hlut sem er nákvæmlega eins og þessi blýhólkur.

Í blýhólknum var vélritað (fjölritað) pappírslað og á því kvæði, sex vísur. Það má syngja undir sama lagi og vísurnar „Það var einu sinni kerling og hún hét Pálína“ og „Það var einu sinni strákur sem átti lítinn bíl“. Ekki hefur hafst upp á höfundi kvæðisins þrátt fyrir mikla leit. Kvæðið hljóðar svo:

Það var einu sinni maður sem að keypti litla lóð,
litla lóð, lóð, lóð, sem að þótti nokkuð góð,
og þessi litla lóð, hún er þar sem Godthaab stóð,
þar sem Godthaab, Godthaab, Godthaab gamla stóð.

Og þessi sami maður, hann hérna reisti höll,
reisti höll, höll, höll, því að hann er sjálfur tröll,
við ættum líka að muna það allir – eða öll,
já, já, öll, öll, öll það, að enn má flytja fjöll.

Svo keypti húsið maður, sem að átti ekki neitt,
ekki neitt, neitt, neitt, nema apótekið eitt,
en enginn skildi hvernig eða hversu það var greitt,
hversu greitt, greitt, greitt, en það gerir ekki neitt.

Hve hæðir voru margar í því húsi vissi ei neinn,
ekki neinn, neinn, neinn, fyr en kom þar danskur sveinn,
og hann lét okkur vita – og var nú ekki seinn,
ekki seinn, seinn, seinn, og hann stóð hér beinn sem teinn.

Hann fann nú þessa hæð, sem við erum núna á,
erum á, á, á, og því honum þakka má,
hann sagði líka altaf: „Je e altid að að gá,
að að gá, gá, gá, og reyne meire Plads að fá.“

Nú komið er í stand, sem var áður auðn og tóm,
auðn og tóm, tóm, tóm, nema apóteksins gróm,
en sníkjulaust fær enginn hlotið himnaríkis blóm,
hi- hi- himna- himna- himnaríkis blóm.

Vísaskýringar

Fyrsta vísa: „... þar sem gamla Godthaab stóð“

Thor Jensen rak verslunina Godthaab á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis. Godthaab brann í miðbæjarbrunnum mikla 1915.

Önnur vísa: „... hann hérna reisti höll“

Fritz Nathan og Carl Olsen fengu lóðina þar sem Godthaab hafði staðið. Þeir reistu þar stórhýsi, Nathan & Olsen húsið. Að hallarsmiðurinn er hér kallaður tröll gæti vísað til þess að Carl Olsen var lágvaxinn.

Þriðja vísa: „svo keypti húsið maður“

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson (1886–1971), lyfsali í Reykjavíkrapóteki, keypti Nathan & Olsen húsið og flutti Reykjavík Apótek þangað árið 1930. Þorsteinn var mjög virkur í Reglunni og studdi starf hennar á ýmsan hátt, meðal annars með því að hýsa alla frímúrarastarfsemi í Reykjavík þar til húsnæði Reglunnar við Borgartún var tekið í notkun árið 1951. Hann gekk í Regluna 1921 og varð R&K 1951.

Fjórða og fimmta vísa:

Danski sveinninn er Frantz Hákansson bakameistari (1880 - 1946. I° 1927, VIII° 1946), sbr. frásögn í 50 ára afmælisriti Reglunnar. Frantz er fimmti maður frá hægri í fremri röð á mynd 2.

Sjötta vísa: „... apóteksins gróm“

Húsnæðið hafði verið notað sem geymslur fyrir Reykjavík Apótek.

„sníkjulaust“

Engin leiga var greidd fyrir Háaloftið. Bræður gáfu fé, efni og vinnu til að innrétta og útbúa kaffistofuna.



Verslunin Godthaab.⁵

Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson

„himnaríkis blóm“

Kaffistofan hafði gengið undir nafninu „Himnaríki“ meðan undirbúningur og framkvæmdir stóðu yfir.

Á blaðinu er auk vélritaða kvæðisins þessi handskrif-
aða staka:

„Ársæll er alltaf glaður
andlega nokkuð stór
þíður og lítil-látur
Líkt og hann Villi Þór.“

Ekki er sama rithönd á fyrra parti og botni og höfundar vísunar því líklega tveir, báðir óþekktir. „Ársæll“ í vísunni er áreiðanlega Ársæll Árnason, bókbindari og bóka-
útgefandi (1886–1961. I° 1920, VIII° 1961). Vísan hefði haft öflugra rím (verið víxlrímuð) ef fyrsta lína hefði verið „Ársæll er alltaf kátur“. Kjörorð Ársæls í Reglunni var „Glaður á hverju sem gengur“. Ársæll er fimmti maður frá vinstri í aftari röð á mynd 2.

Starfsemi kaffistofunnar

Með bréfi 5. apríl 1945 buðu stofnendur „Frímúrara-
stúkunum í Reykjavík“ að taka við húsnæðinu til afnota. Í bréfinu segir að þeir bræður sem stóðu að því að koma upp þessu húsnæði muni stofna með sér félag sem taki að sér rekstur húsnæðisins. Stofnendur ábyrgjast hallalausan rekstur þannig að fjárhagur og reikningshald verði í höndum þessa félags og algerlega aðskilinn frá öðrum rekstri Reglunnar. Þessu tilboði var tekið, samanber hér ofar dagbók Carls Olsen 14. apríl 1945.

Kaffistofa frímúrara í Austurstræti 16 var starfrækt til 1951. Engin formleg starfsemi af þessu tagi var síðan fyrr en 1984 þegar núverandi bræðrastofa var opnuð.

Niðurstöður

Meðan bræðurnir unnu að því að koma upp langþráðri kaffistofu á háaloftinu í Austurstræti 16 hafa þeir í gamni kallað kaffistofuna Himnaríki. Það nafn lagðist svo af og var húsnæðið síðan nefnt Háaloftið. Í reisugildinu eða vígslunni 18. mars 1945 hafa menn til gamans útnefnt Carl Olsen verndara (protector) kaffistofunnar („Himnaríkis“) og á táknrænan hátt lagt eins konar hornstein. Þegar hornsteinn er lagður er stundum múraður inn blýhólkur með upplýsingum um bygginguna. Blýhólkurinn með kvæðinu og stökunni ber þess engin merki að hafa verið múraður inn.

Öruggt má telja að í reisugildinu hafi bræðurnir sungið blýhólkskvæðið við undirleik fiðlusnillingsins Þórarins Guðmundssonar og blýhólkurinn verið afhentur Carl Olsen, verndara Himnaríkis.

Tilvísanir:

- 1) Einkaskjalasafn nr. 418.
- 2) Br. Karl Guðmundsson R&K: Húsakynni frímúrara-stúkanna í Reykjavík fyrstu starfsárin, 1918–1951. Í skjalasafni Reglunnar.
- 3) Br. Þórður Edilonsson lést 14. september 1941. Hann hefði orðið sjötugur 16. september 1945.
- 4) Í áður nefndri frásögn Óskars Gíslasonar, sem prentuð er í þriggung, segir: „Þorsteinn Scheving kom með tvo þriggja álma ljósastjaka frá konu sinni, ...“ Hvort sem kertastjakar væru þrjár álmir á breidd eða hæð, væru þeir stærðarinnar vegna óhentugir í jafn þriggung húsa-
kynnum og háaloftið var. Armar kertastjaka eru einnig nefndir álmur. Á mynd nr. 2 sjást tveir kertastjakar á borðum. Að minnsta kosti annar er þriggja arma eða álma. Hinn stjakin sést ekki allur, en hefur þó greinilega fleiri en eina álmu. Líklegast hefur orðið prentvilla í áður nefndri frásögn og kertastjakarnir hafa aldrei mælst þrjár álmir, heldur verið þriggja álma, þríarma.
- 5) Myndin er frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.



Hjónin Sigrún Margrét Ragnarsdóttir og Sigurður Örn Einarsson.

Sigurður Örn Einarsson, fv. SMR, 80 ára

Sigurður Örn Einarsson, fyrrv. SMR, fagnaði áttæðisafmæli sínu í sumar. Fjölmargir óskuðu Sigurði Erni til hamingju með áfangann, en hann tók þá ákvörðun að fagna ekki með stórrí veislu, heldur boðaði hann þess í stað stórfjölskyldu sína til golfmóts, sem gekk í alla staði vel.

Kristinn Guðmundsson, R&K, ásamt Boga Magnússyni, heimsóttu Sigurð Örn og Sigrúnu Margréti Ragnarsdóttur, eiginkonu hans, á afmælisdaginn og færðu honum blóm og afmæliskeðju frá SMR, Vali Valsyni, og heillaóskir frá öllum bræðrum.



Afmælisbarnið Geir R. Tómasson, ásamt hjónunum Lilju Bolladóttur og Vali Valssyni.

Geir R. Tómasson 99 ára

Geir R. Tómasson, br. í Eddu og tannlæknir, varð 99 ára 23. júní sl. Geir fagnaði tímamótunum með veislu í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar og sáu konur úr söfnuðinum um kaffiveitingar í veislunni. Veislustjóri var sr. Hjálmar Jónsson og sr. Þórir Stephensen, R&K, ávarpaði afmælisbarnið og var gerður góður rómur að ræðu sr. Þóris. Þá svaraði Geir fyrir sig með eftirminnilegri ræðu.

Frá Ljósmyndasafninu

Gamlar myndir frá Ísafirði



Bræður úr fræðslustúkunnni Njálu ásamt eiginkonum sínum árið 1928. Á myndinni eru í fremri röð frá vinstri: Helgi Ketilsson, Jón Eðvald, Sigurgeir Sigurðsson, Grunntvig (?), Helgi Guðbjartsson og Tryggvi Jóakimsson. Í aftari röð eru: Rannveig Tómasdóttir, Sigrún Eðvald, Lára Tómasdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Gerda Símsón og Sigrún Júlíusdóttir.



Stofnfundur St. Jóh.stúkunnar Njálu á Ísafirði árið 1953.

Þú ert velkominn og við fögnuð þér í hóp okkar

Velkominn í Frímúrararegluna, kæri bróðir.

Þessi ævafora og sögufræga Regla er stærsta bræðralag í veröldinni. Þú ert nú mikilvægur hluti af sögu hennar og munt móta framtíð hennar með starfi þínu og iðni. Í gegnum tíðina hafa konungar og forsetar, frægir tónlistarmenn og leikarar stigið sömu spor og þú. En undir þaki Frímúrarareglunnar skiptir staða þín í þjóðfélaginu, auður og frægð ekki máli. Þar erum við allir bræður, og jafnir að verðleikum. Það sem sameinar okkur er einlægur áhugi á mannrækt, og skilningurinn á því að áhrifaríkasta leiðin til þess að bæta samfélagið, og þannig heiminn sem við lifum í, er að byrja á að bæta okkur sjálfa á skipulegan hátt. Velkominn til þeirra starfa.

Þegar við sem nýir bræður tökum til starfa í Frímúrarareglunni, blasir við okkar framandi heimur. Fyrir okkur hafa verið opnaðar leyndar dyr inn í veröld sem hulin er hinum ytri heimi. Margt óvænt blasir við, og ótalmörgum spurningum er ósvarað.

Af hverju gerðist þú frímúrari? Ástæðurnar sem við höfum til þess eru fjölmargar og misjafnar, sem og væntingar okkar til starfsins. En fyrst

og fremst komum við inn af sjálfsdáðum, með okkar eigin áherslur og áhugamál. Sem við sjálfir.

Kannski vildir þú tengjast öðrum mönnum sem stunda mannrækt. Kannski hefurðu áhuga á söguarfi Reglunnar. Kannski vildirðu láta gott af þér leiða svo að lítið bæri á. Vonandi áttu vini eða ættingja sem eru frímúrarar, og lítur upp til þeirra sem fyrirmynda sem vert er að líkjast.

Það sem bíður þín, innan þess heims sem þér hefur nú verið opinberaður, er skipulagt og öflugt mannræktarstarf að fornum sið. Það er ekki auðvelt starf. Þess vegna kjósum við að sinna því með bræðrum okkar sem eru sama sinnis og vilja feta sama veg í áttina að því að verða eins góðir menn og þeir hafa í sér að geta orðið. Ekki betri en aðrir menn, betri en þeir voru áður en þeir gengu í Regluna, með aðstoð bræðra sinna og þeirra áhalda sem okkur eru færð til starfsins. Við höfum þeirri skyldu að gegna, ekki aðeins gagnvart okkur sjálfum, heldur einnig til samfélags okkar, að skila heiminum sem við búum í betur af okkur en við komum að honum. Hvernig í ósköpunum tekur maður á slíku verkefni, sem heita má að sé nánast ómögulegt? Jú við byrjum á því að bæta okkur sjálfa.



Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

Mímisbræður á flugvöllinum á Egilsstöðum. Vökubræður á Egilsstöðum buðu þá sannarlega velkomna.

Við trúum því að manngæska og miskunnsemi séu með allra mikilvægustu dyggðum mannsins. Við trúum á virðingu fyrir lífi, og miskunnsemi gagnvart þeim sem minna mega sín. Við viljum heilshugar breyta rétt við annað fólk í sátt við samvisku okkar.

Við vitum líka að freistingar og lestir bíða okkar allstaðar, en að þegar við gerum dyggðir að hornsteini tilveru okkar, reynist okkur auðveldara að standast freistingar og breyta rétt. Mannræktarstarfið okkar gengur út á að sýna okkur möguleikana og tækifærin sem við höfum til að ástunda manngæsku og dyggðir.

Mannrækt er kannski eitthvað sem erfitt er að keppa í, enda ekki neinn áþreifanlegur mælikvarði á velgengni okkar annar en það sem við sjálfir og fólkíð í kringum okkur verður áskynja með framfarir okkar.

Þó að margir bræður þínir hafi stundað frímúrarastarf í miklu lengri tíma og séu lengra komnir í vegferð sinni, máttu aldrei gleyma mikilvægi þínu sem nýjasta hlekknum í bræðrakeðju frímúrara. Þú ert ekkert minna en framtíð frímúrarastarfs á Íslandi. Því fylgir mikið traust, en samfara því mikil ábyrgð, því engin keðja

er sterkari en veikasti hlekkur hennar. Vertu því iðinn við starfið og stundaðu það heilshugar. Hafðu það í huga að frímúrarastarfið á það sameiginlegt með íþróttaiðkun og námi, að þú tekur út úr því í réttu hlutfalli við vinnuna sem þú leggur í það. Þú uppskerð eins og þú sáir.

Kynnstu bræðrum þínum, lærðu hvern mann þeir hafa að geyma og sýndu þeim hver þú ert. Veittu fundum stúkunnar þinnar styrk með nærveru þinni. Notaðu starfið til þess að hvílast frá daglegu amstri og einbeita þér að sjálfum þér. Stúkan þín er vin í eyðimörkinni, við förum í ræktina til að styrkja líkama okkar, í stúkuna förum við til þess að þjálfa siðferðisþrek okkar.

Vertu fróðleiksfús. Leitaðu þér allrar þeirrar þekkingar sem þú getur höndum komið yfir.

Með því að starfa ötullega og í einlægni getur þú til fulls notið styrksins sem felst í því að tilheyra stærsta bræðralagi veraldar. Og hversu framandi sem þessi heimur má sýnast þér í fyrstu, mundu alltaf að þú ert velkominn og að við fögnum þér í hóp okkar.

Pétur S. Jónsson

Munir frá Minjasafni

Þegar menn borðuðu mikið og drukku fast

Um drykkjusiði frímúrara fyrr á tíð

Hin gamla sýningarskrá sem br. Sveinn Kaaber skráði á fyrstu árum Minjasafns Reglunnar er afar merki-legt rit, ætti jafnvel að teljast einn safngripanna. Í skránni er gerð grein fyrir um 500 gripum, sem í dag er vissulega aðeins lítil hluti þess sem safnið geymir.

Stundum er í safnskránni miðlað almennum fróðleik, sem aðeins lauslega tengist þeim safngrip sem greint er frá. Þannig er t.d. um safngrip nr. 20 í skránni. Um hann segir svo:

„20. Frímúraraglas Magnúsar Sigurðssonar bankastj. Gekk í Z. & F. 1909. Einn af stofnendum Eddu. Glas-ið er frá árunum 1920-30.“

Meira er eiginlega ekki um sjálfan gripinn, en þó fær safngripur nr. 20 fullar tvær síður í skránni. Frímúraraglas Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra hefur nefnilega orðið br. Sveini Kaaber tilefni til að setja á blað einkar fróðlega og skemmtilega frásögn af fornum drykkjusiðum Frímúrara. Við skulum grípa hér niður í frásögnina á nokkrum stöðum og rétt er að benda á að þetta er skrifað á þeim tíma þegar enn ríkti algjört áfengisbann í Bandaríkjunum.

Ef þeir urðu fullir voru þeir sektaðir

Hér er fyrst athyglisverð frásögn um upphaf nútíma frímúrarastarfs: „Drykkjusiðir frímúrara hafa smá saman þróast innan Reglunnar og við höfum varðveitt þá frá ómunatíð. Þeir virðast vera svipaðir í hinum ýmsu regluumdæmum. Frímúrarastarfið hófst í þeirri mynd sem við þekkjum það, á veitingahúsum í London og víðar, og á þeim tímum þegar menn borðuðu mikið og drukku fast. Borðsiðir voru þá yfirleitt hátíðlegri en nú



Frímúraraglas Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra.

Ljósmynd: Guðmundur Víðarsson

tíðkast. Öl og vín var daglega haft um hönd.

Það sem einkennir drykkjusiði frímúrara nú á tímum er að þeir drekka lítið, en þó drekka þeir ótal minni að fornum sið og með talsverðum gaura-

gangi. Jafnvel til forna var ætlast til þess að bræðurnir væru hófsamir. Ef þeir urðu fullir voru þeir sektaðir. Þá höfðu bræðurnir vín um hönd inni í stúkusalnum. Það sést greinilega á gömlum myndum, að púnsið var hitað

Fræðaráð Frímúrarareglunnar á Íslandi

Fræðaráð var sett á stofn á Stórhátíð 23. mars 1996. Lög Frímúrarareglunnar voru endurskoðuð og þannig gefin út 1995, en þau voru að stofni til lög Frímúrarareglunnar sem tóku gildi við stofnun hennar 1951. Ein helsta breytingin fólst í því að ráðum Reglunnar var fjölgað um eitt, þegar Fræðaráð bættist við.

Í Grundvallarskipan Reglunnar, Fyrstu bók, segir að Yfirarkitekt Reglunnar (YAR) skuli vera oddviti Fræðaráðs og Yngri Stór-Stólvörður varaoddviti. Stórmeistari Reglunnar skipar í Fræðaráð og nefndir stofnana þess.

„Meginverkefni Fræðaráðs strax í upphafi var að útvega og dreifa almennum upplýsingum um Regluna og um siði hennar og fræði innan Reglunnar og utan, eftir því sem við á skv. ákvörðunum SMR. Þetta verkefni hefur auðvitað tekið breytingum frá því ráðið var stofnað, þróast og mótast um leið og skipulag Fræðaráðs og stofnana þess hefur tekið breytingum,“ segir Pétur K. Esrason, oddviti ráðsins.

Fyrstu stofnanir Fræðaráðs

Í byrjun voru stofnanir Fræðaráðs þessar:

Fræðslunefnd um Frímúrararegluna,
Skjalasafn Reglunnar,
Bókasafn Reglunnar,
Minjasafn Reglunnar.

Þá tilheyrðu ritstjórn félagatala og tímarits Reglunnar starfsemi Fræðaráðs frá byrjun, þótt enn liðu nokkur ár þar til útgáfa tímaritsins hæfist. Nú hefur Ljósmyndasafn Reglunnar bæst við og heimasíða Reglunnar, en unnið er að flutningi félagatala til skrifstofu Reglunnar.

Innan Fræðaráðs var hafin vinna við framtíðarstefnumótun. „Það starf hafði staðið yfir í tvö ár og afraksturinn orðinn allnokkur. Hann var síðan afhentur SMR þegar hann lét hefja stefnumótunarvinnu fyrir Regluna í heild og ég trúi að starfið sem þar var unnið hjá Fræðaráði hafi komið

að góðum notum við stefnumótunina,“ segir Pétur.

Aðalmarkmið

Í stefnumótun SMR til næstu 10 ára eru sett fjögur markmið:

- Að bræðrahópurinn haldi áfram að stækka.
- Að auka virkni og áhuga bræðra.
- Að styrkja innbyrðis kynni bræðra.
- Að mæta breyttum aðstæðum í fjölskyldulífi bræðra

„Upplýsingagjöf og fræðsla, sem eru meginverkefni Fræðaráðs, geta stutt við öll þessi markmið og stofnanir þess eru vel til þess fallnar að vinna að þeim.

Um leið og Fræðaráð vinnur að því verkefni sínu að fræða og dreifa upplýsingum, þarf ekki síður að bregðast við þróun og breyttum aðstæðum í starfi Reglunnar. Þannig hefur Fræðaráð fjallað um þá staðreynd að dregið hefur úr aðsókn nýrra bræðra í Regluna undanfarin ár og eins hafa bræður dregið úr ástundun starfsins og í mörgum tilfellum nánast horfið úr starfseminni. Hvort tveggja er áhyggjuefni og kallar á aðgerðir.

Á hinn bóginn má benda á að í Reglunni eru margir eldri bræður sem hættir eru störfum í hinum ytra heimi og geta vel hugsað sér að vinna nokkra tíma í viku fyrir Regluna. Virkja má þessa bræður til þess að auka þjónustu Reglunnar við bræður án þess að auka tilkostnað. Flestir nýir bræður eru fjölskyldufolk með konu og börn og bæði hjónin eru útivinnandi. Þar af leiðandi er tími til félagslífs takmarkaður og þarf að nýta hann vel. Þáttur makans í ráðstöfun hans vegur þungt, þarna geta hagsmunir yngri og eldri bræðra unnið saman.

Verkefni Fræðaráðs eru því ærin og engar líkur á að ráðsmenn þurfi að leita að einhverju til að hafa fyrir stafni,“ segir oddviti ráðsins og vísar þá til þess að stöðugt er unnið að betrumótum á aðstöðu stofnana ráðsins eftir því sem efni leyfa, starfshættir

taka breytingum, skipulag þeirra og verksvið. Allt er þetta breytingum háð og þarf að gæta þess að stofnanirnar þróist eðlilega og í samræmi við þörf bræðrana og heill Reglunnar.

Þá má nefna að Fræðaráð sendir á ári hverju R&K með fræðsluerindi í allar stúkur á landinu og hefur svo verið lengi.

Einnig heldur Fræðaráð árlega öryggisnámskeið þar sem farið er yfir flóttaleiðir úr húsinu og fyrstu hjálpi.

Varaoddviti fræðaráðs, Hst.uppl. br. Guðmundur Guðmundsson R&K, hefur yfirumsjón með þessum liðum.

Hér á eftir er fjallað um helstu stofnanir Fræðaráðs og verkefni þeirra.

Fræðslunefnd

Verkefni nefndarinnar er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar að standa fyrir reglulegum fræðsluþingum á Jóhannesar-, Andrésar- og Kapitulastigum, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni svo og fræðslufundum sem sérstaklega höfða til bræðra og maka þeirra á hverjum tíma. Hins vegar að standa að útgáfu á erindum sem flutt eru á vegum nefndarinnar til dreifingar á bókasöfn Reglunnar svo og að láta þýða og gefa út á íslensku valið stigbundið efni sem ætlað er til fræðslu fyrir bræður á hinum ýmsu stigum. Stefnt er að því að gefa út nýtt þýtt efni fyrir öll stig Reglunnar fyrir árslok 2016. Auk þessa stendur Fræðslunefnd fyrir framsagnarnámskeiðum fyrir áhugasama bræður.

Bókasafn Reglunnar

Bókasafnið ber ábyrgð á skipulagningu og vörslu bókasafna og veitir bókasöfnum einstakra stúkna ráðgjöf við stofnun, rekstur og uppbyggingu bókasafna. Mikill áhugi er innan Fræðaráðs og meðal bókavara að hefja endurbætur á aðstöðu bókasafnsins í Regluheimilinu í Reykjavík, safnið verði stækkað og lesaðstaða bræðra bætt og rými í núverandi kaffistofu nýtt til þess. Sérstaklega

Oddvitar Fræðaráðs

Pétur Kjartan Esrason 2010 –

Gunnlaugur Claessen 2008 – 2010

Einar Einarsson 2005 – 2008

Þorsteinn Sv. Stefánsson 2003 – 2005

Jón Sigurðsson 1997 – 2003

Jón H. Bergs 1996 – 1997

verði hugað að aðstöðu fyrir bræður sem eru að vinna fyrirlestra, erindi, þýðingar, rannsóknir og annað sem er ætlað til dreifingar til bræðra. Meðal helstu verkefna framundan er að bæta aðgengi að efni safnsins með nýtingu á nýjustu tækni, að ljúka heildarskráningu á bókaeign Reglunnar og skönnun erinda. Markmið er að hafa bókasafnið lengur opið, en nú eru lesfundir fjórir í viku á starfsárinu.

Minjasafn Reglunnar

Minjasafnið ábyrgist skipulag, vörslu og viðhald minjasafns, og veitir minjasöfnum einstakra stúkna ráðgjöf við stofnun, rekstur og uppbyggingu minjasafna. Safnið varðveitir og hefur til sýnis muni sem því berast og hafa sögulegt eða listrænt gildi fyrir Regluna. Nú stendur yfir í samvinnu við ljósmyndasafn myndataka af öllum munum safnsins og skráning þeirra um allt land. Minjasafnið skipuleggur varðveislu á skjöldum látinna bræðra. Safninu er ætlað að halda til haga öllum munum og minjum sem tilheyra Frímúrarareglunni á Íslandi eða tengist sögu hennar og starfi á einhvern hátt.

Ljósmyndasafn Reglunnar

Ljósmyndasafnið á að varðveita allar ljósmyndir í eigu Reglunnar, skrá þær og varðveita, einnig kvikmyndir, myndbönd, hljóðbönd og annað lifandi efni á öðru formi (t.d. stafrænar upptökur). Skipulag ljósmyndasafns er enn í mótun og er unnið að því með það í huga að bæta aðgengi bræðra að efni safnsins, móta reglur um myndatökur, útgáfu efnis, sýningar og loks er brýnt að móta reglur um höfundarrétt og afnotarétt af ljósmyndum í samráði við ljósmyndara.

Skjalasafn Reglunnar

Skjalasafnið ábyrgist skipulagningu og vörslu skjala og nýtingu safnsins. Skjalasafnið veitir skjalasöfnum einstakra stúkna ráðgjöf við stofnun,



Pétur K. Esrason, YAR, oddviti Fræðaráðs.

Ljósmyndari: Bjarni Ómar Guðmundsson

un, rekstur og uppbyggingu skjalasafna. Skjalasafnið hefur yfirumsjón með varðveislu allra skjala sem með tímanum eiga heima í safninu en eru tímabundið varðveitt í stúkuhúsum Reglunnar. Meðal helstu verkefna Skjalasafns Reglunnar á næstunni er endurröðun skjala stúkunnar Eddu, röðun eldri leiðarbréfa og færsla raf-rænna skjala í miðlægan gagnagrunn. Þá er brýnt að huga að framtíðarhúsnæði safnsins.

Tímarit Reglunnar

Frímúrarinn er tímarit Reglunnar og kom fyrst út 2005. Blaðið kemur út tvisvar á ári. Blaðið skapar vettvang fyrir margþætt kynningar- og fræðslustarf um málefni tengd Frímúrarareglunni á Íslandi og í heiminum almennt. Blaðið er jafnframt hugsað fyrir almenning. Gert er ráð fyrir að útgáfa blaðsins verði áfram innan þess fjárhagslega ramma sem því var settur í upphafi, að útgáfan standi undir sér sjálf. Fyrirsjáanlegt er að miðlun

efnis til bræðra fari í meiri mæli yfir á netið þar sem hægt er að birta lengra og ítarlegra efni, en efni í styttri útgáfu komi út á prenti.

Heimasíða Reglunnar

Heimasíðan hefur það hlutverk að miðla til almennings, væntanlegra félaga og bræðra almennum upplýsingum um Regluna og atburði á vegum hennar. Einnig hefur hún það hlutverk á innri vef að efla upplýsingagjöf til starfsfólks, embættismanna og bræðra, flýta fyrir skýrslugjöf og bæta ferla við skráningu nýrra bræðra, skrá stigtökur, fundasókn, upplýsingar um innsækjendur og inn-töku nýrra bræðra svo það helsta sé nefnt. Mikil vinna er framundan við þróun heimasíðunnar, jafnt hinnar almennu ytri síðu sem og innri vef sem er aðeins aðgengilegur með lykilorðum. Markmiðið er m.a. að nýta sem best þá möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.



Sigurður Örn Einarsson á heimili sínu.

Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

Markmiðið var að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri

Viðtal við Sigurð Örn Einarsson, fv. Stórmeistara Frímúrarareglunnar

Innan Frímúrarareglunnar þótti það töluverðum tíðindum sæta þegar hafin var útgáfa á tímaritinu Frímúrarinn sem dreift var til allra bræðra í Reglunni. Fyrsta tölublaðið kom út í desember árið 2005 og var á forsíðu þess mynd af Sigurði Erni Einarssyni, þáverandi SMR og í blaðinu var ítarlegt viðtal við hann þar sem fjallað var um reglustarfið, en allt frá því að Sigurður tók við embætti SMR hafði hann beitt sér fyrir ýmsum nýjungum innan Reglunnar og þá ekki síst á því sviði að gera hana sýnilegri út á við og upplýsa fólk um meginkjarna starfsins. Það var líka Sigurður Örn sem átti frumkvæðið að því að útgáfa Frímúrarans hófst en hún hefur síðan verið fastur liður í starfi Reglunnar. Í tilefni af 10 ára afmæli blaðsins var Sigurður spurður að því hver hefði verið meginástæðan fyrir því að lagt var í útgáfu þess:

„Mín fyrsta og fremsta hugsun með útgáfu blaðs var að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til

bræðranna, nokkuð sem mér fannst vanta, en jafnframt lagði ég áherslu á að efni blaðsins væri þannig að það gæti komið fyrir augu almennings. Því er ekki að neita að ég hafði kynnst blöðum Reglunnar á hinum Norðurlöndunum og víðar og hafði það vissulega áhrif á hugmyndir mínar.

Ég lagði áherslu á að blaðið stæði fjárhagslega undir sér og að því yrði dreift ókeypis til bræðranna. Að sjálf-sögðu ræddi ég þessar hugmyndir mína við bræður í Æðsta ráði Reglunnar. Þar voru, eins og vænta mátti, skiptar skoðanir – ekki um hvort rétt væri að gefa út blaðið, heldur um efni þess.“

– Þegar litið er til þess áratugar sem blaðið hefur komið út; hvernig finnst þér að hafi til tekist?

„Mér hefur fundist vel til takast og þróunin hafa verið góð. Blaðið er orðið stærra en ég gerði mér í hugarlund að það yrði nokkurn tímann, efnið er fjölbreytt og ég heyri ekki annað en að bræður kunni að meta það. Auk þess

held ég að það sé góður málsvari okkar utan Reglunnar.“

– Nú hafa orðið miklar breytingar á hvers konar miðlum á síðustu árum. Mun Frímúrarinn halda gildi sínu?

„Ég geri ráð fyrir að í dag séu skiptar skoðanir um nauðsyn mál gagns, sérstaklega ef horft er til rafrænnar miðlunar upplýsinga en mér finnst þetta vera góður vettvangur. Það er allt annað að fá blað í hendurnar, svart á hvítu, ef svo má að orði komast, geta tekið það upp aftur og aftur, flett upp og skoðað. Þetta finnst mér þrátt fyrir að ég hafi sæmilega þekkingu til að nýta mér tölvutækni og margmiðlun.“

Og að lokum hafði Sigurður Örn eftirfarandi að segja:

„Ég færi blaðinu og Reglunni hamingjuóskir í tilefni af því að tíu ár eru liðin frá því að útgáfa þess hófst. Ég vona að það eigi áfram eftir að verða góður vettvangur til upplýsinga fyrir bræðurna.“

Steinar J. Lúðvíksson



Steinar J. Lúðvíksson, fyrsti ritstjóri Frímúrarans, óskar blaðinu bjartrar og langrar framtíðar.

Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

Frímúrarinn hefur ótví- rætt sannað gildi sitt

Viðtal við Steinar J. Lúðvíksson, fyrsta ritstjóra blaðsins

Sumarið 2005 var ákveðið að Frímúrarareglan á Íslandi hæfi útgáfu fréttablaðs, að það hétu Frímúrarinn og kæmi út tvisvar á ári. Í ritstjórnarpistli fyrsta blaðsins sagði m.a. að það væri „von ritnefndar að með tilkomu þessa blaðs [myndu] tengsl bræðranna eflast, ekki aðeins við Regluna sjálfa, heldur einnig bræðra í millum“ og að greinar yrðu skrifaðar þannig að almenningur allur gæti lesið blaðið. Ritstjóri var háttuppl. br. Steinar J. Lúðvíksson og gegndi hann því starfi fram á árið 2010.

„Ég held að það sé varla efamál að nú, tíu árum eftir að vegferðin með útgáfu Frímúrarans hófst, þá hafi blaðið ótví-

rætt sannað gildi sitt,“ segir Steinar J. spurður hvort hann telji blaðið hafa staðist væntingar þeirra sem ýttu því

úr vör, en það er ekkert launungarmál að ýmsir bræður voru upphaflega á báðum áttum um réttmæti þess að gefa út fréttablað.

„Það er orðið fastur liður í frímúrarastarfinu – vettvangur umfjöllunar um félagsleg málefni og ýmislegt er varðar Regluna. Það er rétt að efasemdarraddir heyrðust þegar ákveðið var að hefja útgáfu á blaðinu og var það í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Ég minn-

FRÍMÚRARINN



Desember 2005

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

1. töl. 1. árgangur

Starf frímúrarans heldur alltaf gildi sínu

- rætt við Sigurð Örn Einarsson, Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi - bls. 4

Í fyrsta tölublaði Frímúrarans árið 2005 var viðtal við Sigurð Örn Einarsson, þáverandi Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi.

ist þess að í „gamla daga“ voru áform um útgáfu fréttabréfs til bræðra en ekki varð af því þar sem á þeim tíma töldu margir bræður óæskilegt að slíkt rit kæmist í hendur þeirra sem væru ekki í Reglunni. Og þótt tímarnir væru breyttir var sama viðhorf uppi hjá sumum þegar útgáfa Frímúrarans var ákveðin. Þá var upprunninn sá tími að Reglan var gerð sýnilegri, þótt eftir sem áður stóð það að frímúrarar haldi ýmsu er hana varðar fyrir sig.“

Meginlínum fylgt

– Spurður um þýðingu Frímúrarans, bæði inn á við og út á við, segir fyrsti ritstjóri blaðsins að það hafi

umfram allt þýðingu fyrir félagi í Reglunni.

„Eins og við vitum er fundarsókn bræðra mismundi ýmissa orsaka vegna. Fyrir marga bræður sem komnir eru á efri ár eða hafa ekki aðstöðu til að mæta á fundi er Frímúrarinn kærkominn tengiliður við Regluna. Þar er að finna fréttir af starfinu og því helsta er Regluna varðar auk fræðandi efnis. Út á við held ég að blaðið hafi fyrst og fremst gildi með því að sýna hvað starfið er í raun og veru öflugt og vinna gegn ranghugmyndum sem sumir hafa vafalaust um reglustarfið.“

– Máltækið segir að það skuli vanda sem lengi á að standa. Nú hef-

ur blaðið verið gefið út í áratug án verulegra breytinga og má með sannri segja að það beri frumkvöðlum þess fagurt vitni.

„Vissulega er margt að minnast frá því að verið var að koma blaðinu af stað. Ég minnst þess að þegar útgáfan var ákveðin var strax reynt að setja upp ramma um hvað ætti að vera í blaðinu og hvað ekki. Við það verkefni naut ég aðstoðar og leiðsagnar Einars Einarssonar, sem er maður sem er einstaklega gott að vinna með. Auðvitað höfðum við bak við eyrað þær raddir sem töldu að Frímúrarareglan ætti ekki að standa í blaðaútgáfu og halda á lofti starfi sínu. Reynt var eftir mætti að virða sjónarmið þeirra. Þegar meginlínur höfðu verið lagðar var jafnan farið eftir þeim. Efasemdirnar voru raunar það miklar að það var undantekning ef bræður lögðu sjálfviljugir fram efni og nær allt sem birtist í blaðinu var unnið af ritstjórninni. Smátt og smátt varð breyting á. Bræður fóru að senda inn greinar og hugleiðingar og þá kom auðvitað til kasta ritstjórnarinnar að velja og hafna. Ef efni var hafnað var jafnan haft samband við viðkomandi og rökstutt hver væri forsenda höfnunar. Ég minnst þess einnig að ekki voru bræður sammála um myndbirtingar í blaðinu, t.d. hvort sjást mættu einkenni embættismanna og bræðra. Þar var líka snemma mótuð stefna sem haldin var meðan ég ritstýrði blaðinu og mér sýnist að sé enn haldin. „

Á rétttri leið

Steinar segir að blaðið sé tvímæla-laust á rétttri leið.

„Allt frá fyrstu tíð hefur uppsetning blaðsins og útlit verið vandað og að undanförunu birst í því stórfróðlegar greinar um frímúrarastarfið bæði hér heima og erlendis. Þar nefni ég sem dæmi greinaflokk um Mozart og íslenska listamenn sem hafa verið bræður í Reglunni. Auk þess er jafnan að finna sígildan fróðleik, t.d. um muni í minjasafni Reglunnar og fréttir af starfi einstakra stúkna og yfirstjórnar Reglunnar sem auðvelda bræðrum mjög að fylgjast með því sem er að gerast í reglustarfinu.“

– Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að útgáfa blaðsins sé sjálfbær, þ.e. að auglýsingar standi undir kostnaði við vinnslu þess og dreifingu.

„Það var mikið happ fyrir útgáf-

una að Björn Kristmundsson tók að sér auglýsingasöluna. Hann þekkti ótrúlega marga, hafði góð sambönd og var að auki bæði duglegur og samviskusamur. Sjálfsagt hefur það ekki verið létt verk að fá auglýsendur til að auglýsa í blaði fyrir svo þröngan hóp en ekki leið á löngu uns við þurftum að stækka blaðið til að halda réttu hlutfalli auglýsinga og efnis. Síðar tók svo Páll Júlíusson við og má segja hið sama um hann og Björn. Þótt ég viti það ekki nákvæmlega, þá held ég að blaðið hafi allt frá upphafi skilað einhverjum rekstrarafgangi og tel ég það afrek út af fyrir sig.“

Byggt á eigin forsendum

Steinar segir að blaðinu hafi almennt verið vel tekið.

„Þann tíma sem ég var ritstjóri blaðsins má segja að útgáfan hafi gengið slétt og fellt. Minnisstætt er raunar hversu margir bræður höfðu fyrir því að hafa samband og lýsa yfir þakklæti og ánægju með blaðið. Oftast hafa menn ekki fyrir slíku og meira heyrist frá þeim sem eru neikvæðir. Auðvitað var ég líka var við að einstakir bræður höfðu blaðið stöðugt undir smásjá

og ef eitthvað var ekki að þeirra skapi munduðu þeir gjarnan pennann og sendu bréf – ekki til mín eða ritstjórnarinnar, heldur fremur til yfirstjórnar Reglunnar. Og einstaka sinnum kom það fyrir að utanaðkomandi fólk lét til sín heyrna, oftast á jákvæðum nótum.“

– *Þeir sem lesa tímarit Frímúrararareglanna á Norðurlöndum taka eftir því að það er lítils háttar munur á blöðunum. Var útgáfa Frímúrarans ekki samræmd norrænu systrablöðunum?*

„Um samstarf við systrablöð Frímúrarans á hinum Norðurlöndunum hef ég heldur lítið að segja. Ég hafði þá reynslu af útgáfu tímarita að skynsamlega væri að byggja á eigin forsendum og sníða blaðið algjörlega að íslenskum aðstæðum fremur en að fara í fótspor annarra. Rétt er að blöð Norðurlandafrí múrara eru á ýmsan hátt frábrugðin blaðinu okkar og vissulega getum við haft ýmislegt til þeirra að sækja. Ég minnst þess að einhverju sinni var haldinn norrænn fundur ritstjóra Frímúrarablaða. Ég átti ekki heimangengt en þeir Einar Einarsson og Steingrímur Ólafsson fóru og komu með ýmsar gagnlegar upplýsingar.“

Enn endist pappírinn

– *Hvað er þér efst í huga á þessum tímamótum í útgáfu Frímúrarans?*

„Það sem mér er efst í huga á tíu ára afmæli blaðsins er þetta: Ég tel að með útgáfu blaðsins hafi Reglan haft árangur sem erfiði. Blaðið er orðið fastur liður í starfinu. Allan tímann sem ég kom að verki ríkti mikill einhugur og áhugi hjá ritstjórninni og í gegnum starfið kynntist ég mörgum mætum mönnum sem gaman og gott var að starfa með. Ég ber þá ósk í brjósti að framtíð blaðsins megi verða björt og löng og að það þjóni okkar ágæta félagsskap eins og til var stofnað. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að þeir tímar kunni að koma að blaðaútgáfa á pappír verði úrelt form og hið rafræna komi að einhverju eða öllu leyti í staðinn. Ég held þó að slíkt sé ekki hinum megin við hornið.“

Ég óska núverandi ritstjórn blaðsins og öllum frímúrarum til hamingju með fyrsta áratug Frímúrarans. Áfram á sömu braut!“

Þór Jónsson



Grand

RÁDSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá Grand Hótel Reykjavík leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is


Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK



Ljósmyndari: Bjarni Ómar

Hallmundur Hafberg.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Gimli

Hallmundur Hafberg var settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Gimli þann 13. apríl 2015 af SMR Vali Valssyni.

Hallmundur fæddist á Flateyri við Önundarfjörð 20. október 1957, sonur hjónanna Sveins Hafberg og Jónasínu Hallmundsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands 1979 og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1985. Frá því að námi lauk starfaði hann í 16 ár í Útvegsbanka Íslands og síðar Íslandsbanka. Síðan starfaði hann í Sparisjóðabanka Íslands um fimm ára skeið og Kaupþingi, síðar Arionbanka. Síðastliðin fjögur ár hefur hann starfað hjá Fjármálaeftirlitinu.

Hallmundur gekk í St. Jóh.st. Gimli árið 1997 og hefur gegnt þar embættum v.Sm. frá 1999 til 2004, Sm. frá 2004 til 2007, Y.Stv. frá 2007 til 2008, E.Stv. frá 2008 til 2009 og Vm. frá 2009 til 2015.

Hallmundur er kvæntur Ester Árnadóttur stuðningsfulltrúa og eiga þau tvö börn og tvö barnabörn.



Ljósmyndari: Pétur Ingi Björnsson

Ásgeir Björgvin Einarsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Mælifells

Þann 2. maí síðastliðinn var Ásgeir Björgvin Einarsson vígður í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Mælifells af HSM Allan Vagni Magnússyni.

Ásgeir fæddist 18. febrúar 1957 á Sauðárkróki, og er sonur Einars Sigtryggssonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur. Ásgeir lauk sveinsprófi í húsmiði 1977 og stofnaði ásamt fjölskyldu sinni byggingafyrirtæki sem hann starfaði við á Sauðárkróki og síðar í Reykjavík. Hann flutti aftur til Sauðárkróks 1990 og setti á stofn matvöruverslunina Hlíðarkaup sem opnuð var 15. desember 1991 og hefur starfað þar síðan.

Ásgeir gekk í St. Jóh.stúkuna Rún 10. janúar 1995 og var stofnfélagi St. Jóh.stúkunnar Mælifells sem stofnuð var 6. maí 2001. Hann gegndi starfi v.Sm. Mælifells 2001-2003, Sm. 2003-2007 og VM. 2012-2015. Einnig starfaði hann sem v.Sm. St. Andr. stúkunnar Huldar árin 2007-2013.

Sambyliskona Ásgeirs er Sigríður Elín Þórðardóttir, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar og eiga þau fjögur börn og sex barnabörn.



Ljósmyndari: Bjarni Ómar

Ólafur Magnússon.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Hamars

Þann 20. október sl. var Ólafur Magnússon settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Hamars í Hafnarfirði af SMR, Vali Valssyni.

Ólafur er fæddur 5. janúar 1952 í Vestmannaeyjum og eru foreldrar hans Sigurbjörg Ólafsdóttir og Magnús Kristjánsson, kaupmenn. Ólafur lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1973 og stundaði nám í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann stofnaði Heildverslunina Donnu 1974 og hefur starfrækt hana síðan.

Ólafur gekk í St. Jóh.stúkuna Hamar þann 16. janúar árið 2001, og starfaði sem v.Rm. og Rm. stúkunnar frá 2003 til 2014. Hann hefur verið bóka-vörður Ljósatraðar frá 2009, v.Rm. Helgafells frá 2008 til 2009, og gegndi embætti AM. Hamars frá 2014. Hann hefur starfað í Fræðslunefnd Fræðaráðs frá 2011 og verið formaður Fræðslunefndar frá 2015. Einnig hefur hann gegnt embætti v.R. Snorra frá 2014 og síðar R. Snorra árið 2015.

Ólafur er kvæntur Katrínu Valentínusdóttur sérkennara og eiga þau fjögur börn og átta barnabörn.



Ljósmyndari: Bjarni Ómar

Árni Gunnarsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh. stúkunnar Snorra

Þann 25. apríl sl. var Árni Gunnarsson vígður Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Snorra af SMR Vali Valssyni.

Árni fæddist í Reykjavík 16. september 1951, sonur hjónanna Gunnars Hreiðars Árnasonar flugvirkjameistara og Margrétar Steingrímsdóttur.

Hann lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1972, Cand. oecon prófi frá Háskóla Íslands árið 1976 og M.Sc.econ prófi frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 1982.

Árni starfaði sem framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands árin 1982-1985, framkvæmdastjóri Fóðurblöndunnar 1985-1993 og útibússtjóri Íslandsbanka 1994-2004. Hann var framkvæmdastjóri hjá Sjóva 2004-2006, útibússtjóri og síðar viðskiptastjóri hjá Kaupþingi, síðar Arionbanka frá árinu 2006. Árin 2001-2002 starfaði Árni erlendis á vegum Alþjóðasambands Rauðakrossfélaga.

Árni gekk í stúkuna Eddu árið 1994 og starfaði þar í embættum Y.Stv., E.Stv. og VM. allt til ársins 2011. Hann er einn stofnenda St. Jóh. stúkunnar Snorra.

Árni er kvæntur Sjöfn Óskarsdóttur, textílkennara við Hlíðaskóla, og eiga þau þrjú börn og fjögur barnabörn.



Ljósmyndari: Gunnar I. Gíslason

Már Friðbjólfsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Hlés

Þann 3. nóvember sl. var Már Friðbjólfsson vígður í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Hlés í Vestmannaeyjum af HSM Allan Vagni Magnússyni.

Már fæddist þann 14. september 1959 í Vestmannaeyjum, sonur Friðbjófs Sturlu Mátssonar, fyrrv. verkstjóra og Jórunnar Einarsdóttur verkakonu. Már lauk landsprófi árið 1975, iðnskólanámi árið 1977 og verslunarprófi árið 1998. Hann vann frá unga aldri sem sjómaður en gerðist síðar launafulltrúi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Már gekk í Fræðslustúkuna Hlé í maí árið 1995, og þar hefur hann gegnt embættum Sm., Rm., Y.Vbr., E.Vbr. og v.Stj.br. Við stofnun Hlés sem St. Jóh. stúku í nóvember í fyrra gegndi hann embætti VM.

Már er giftur Jóhönnu K. Þorbjörnsdóttur sjúkraliða og eiga þau þrjú uppkomin börn og sex barnabörn.



Ljósmyndari: Bjarni Ómar

Bergur J. Hjaltalín.

Nýr Stjórnandi bróðir fræðslu- stúkunnar Borgar

Þann 17. apríl sl. fór fram kjör til Stj. br. fræðslustúkunnar Borgar í Stykkishólmi. Kjörinn var Bergur J. Hjaltalín og setti Stólmeistari St. Jóh. stúkunnar Akurs, Ólafur Rúnar Guðjónsson, hann strax í embætti.

Bergur er fæddur 5. apríl 1951 á St. Franciskuspítalanum í Stykkishólmi, sonur hjónanna Jóns V. Hjaltalín, bónda í Brokey og Ingibjargar Soffiu Pálsdóttur.

Bergur tók landspróf og fór síðan í húsasmíðanámi, tók sveinspróf 1975 og varð húsasmíðameistari 1979. Hann hefur starfað við húsasmíðar síðan, ásamt eyjabúskap í Brokey. Árið 2008 var hann ráðinn umsjónarmaður fasteigna Stykkishólmsbæjar og gegnir því starfi enn í dag.

Bergur hefur verið virkur í JC hreyfingunni og var forseti JC Stykkishólmur í eitt ár, og einnig var hann formaður Umf. Snæfell í um fjögur ár.

Bergur gekk í St. Jóh.stúkuna Akur á Akranesi 1998 og hefur starfað í fræðslustúkunninni Borg í Stykkishólmi síðan sem v.S., v.R., Y.Vbr. og v.Stj.br.

Bergur er kvæntur Ásdísi Herrý Ásmundsdóttur og eiga þau tvo syni og tvö barnabörn.



LANDSBRAUÐ

Til styrktar Slysavarnafélaginu
Landsbjörg



Steinbakað! Bernhöftsbakarí

Íslenskir bakarar vilja vekja athygli á hollustu trefjaríkra brauða. Trefjarík blanda af höfrum, byggj og rúgi stuðlar að eðlilegri og góðri meltingu. **Bernhöftsbakarí** hefur nú á boðstólnum Landsbrauð sem er trefjaríkt og hollt brauð bakað í steinofni. Landsbrauðið er heilkorna, milt á bragðið og einstaklega ljúffengt.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fær 30 kr. í sinn hlut af hverju seldu brauði,
til styrktar einingum félagsins.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Landsbrauð er trefjaríkt og
inniheldur m.a. heilmalað
korn.



Dr. James Anderson – Hvers vegna var hann valinn til starfans?

Vorið 1717, nánar tiltekið 24. júní það ár, sameinuðust fjórar stúkur frímúrara í London og Westminster á Englandi um að halda sameiginlega samkomu og hátíð (*Assembly and Feast*) á veitingahúsinu *Goose and Gridiron Ale-house* í London. Þessi samkoma hefur síðan verið talin upphafið að reglubundinni starfsemi frímúrara og er gjarnan vísað í hana með því að segja að þarna hafi verið stofnuð svenefnd stórstúka (*Grand Lodge*). Samkvæmt þessari hefð verður senn haldið upp á 300 ára afmæli frímúrarahreyfingarinnar í heiminum. Það er því ekki úr vegi að skoða feril söguritarans, Dr. James Anderson, sem ábyrgur er fyrir frásögninni af grundvelli og allra fyrstu skrefum þessarar öldnu hreyfingar.

Aðalheimildin um þetta sérstaka upphaf frímúrarastarfseminnar er Grundvallarskipanin sem Anderson færði í letur og gaf út árið 1938 (*The New Book of Constitutions of the Ancient and Honourable Fraternity of Free and Accepted Masons*). Áður, eða árið 1723, hafði hann gefið út fyrstu Grundvallarskipan frímúrara (*The Constitutions of the Free-Masons*, 92 bls.). Fyrri helmingur síðarnefndu bókarinnar er lagður undir sögu frímúrara, sem rakin er frá upphafi mannkyns. Í síðari helmingnum



James Anderson.

er greint frá hinum fornu skyldum múrara miðalda og birtar almennar starfsreglur stórstúkunnar, sem teknar voru saman af Stórmeistararannum árið 1720.

Hvers vegna Anderson?

Það er talið mjög sérstakt að Anderson sjálfur átti útgáfuréttinn að báðum þessum bókum, en ekki hin nýstofnaða frímúrarahreyfing, og að bækurnar voru því í raun einkaeign hans. Engu að síður greindi hann frá því í fyrrnefndu bókinni að sér hafi verið falið og fyrirskipað af Stórmeistararannum að vinna þetta verk og gefur þannig í skyn að hann hafi starfað á vegum stórstúkunnar en ekki að eigin frumkvæði. Aðrar heimildir um upphaf verksins eru hins vegar ekki fyrir hendi og þess vegna hafa margir fræðimenn spurt án þess að fá svör: Hvers vegna var hinn skoski prestur Dr. James Anderson valinn til starfans?

Uppruni

Margt er óljóst í æviferli Andersons. Hann var skoskur, talinn fæddur í Aberdeen eða í næsta nágrenni þeirrar borgar, sennilega árið 1679, og alinn þar upp. Foreldrar hans voru James Anderson, vel efnaður og umsvifamikill glerskurðarmeistari, og Jean eiginkona hans (fædd Campbell). Börn þeirra voru 11 talsins og dóu flest mjög ung. Til fullorðinsára komust aðeins David, prestur og guðfræðiprófessor, James, sá sem hér um ræðir, Adam, iðnaðarsérfræðingur og sagnfræðingur, og Elizabeth, sem giftist ung norsku skipstjóra. James Anderson eldri var virkur frímúrarari í stúkunni Lodge of Aberdeen um 50 ára skeið og gegndi þar embætti ritara í langan tíma og tvívegis embætti meistara hennar. Hins vegar er ekki vitað hvort sonur hans, James, gekk í þá stúku. Nafn hans er hvergi að finna í varðveittum skjölum Lodge of Aberdeen, hvorki sem innsækjandi eða meðlimur. Hann virðist þó hafa þekkt til starfseminnar og getur þess meðal annars í grundvallarskipaninni frá 1938 að fundir stúkunnar hafi ætíð verið haldnir undir beru lofti samkvæmt gömlum sið þeirra stúku, nema þegar veður var reglulega vont. Nokkuð víst er hins vegar að hann var orðinn frímúrarari í stúku í London áður en stórstúkan var stofnuð.



Æviferill

Dr. James Anderson var settur til mennta og lauk meistaranámi í hugvísindum og síðan fjögurra ára guðfræðinámi frá Marischal College í Aberdeen árið 1702. Sjálfur sagðist hann þá strax hafa fengið prófgráðuna doktor í guðfræði, en skrár skólans eru það ófullkomnar að slíkt verður ekki staðfest. Síðari tíma rannsóknir benda til þess að doktorsgráðuna hafi hann ekki fengið fyrr en eftir 1730. Að guðfræðináminu loknu mun hann hafa fengið réttindi til að prédika, eins og venja var um guðfræðinga þess tíma, en ekki er vitað til að hann hafi verið formlega vígður til prests í Aberdeen. Talið er að Dr. Anderson hafi prédikað í Aberdeen eða nágrenni næstu árin og ef til vill þjónað sem prest-


ur í herragarðskapelli hjá óþekktum aðalsmanni, eða þar til hann birtist sem prestur í öldungakirkju í London árið 1709. Sagt er að hann hafi sjálfur stofnað eða átt þátt í að stofa söfnuð þessarar mótmælendakirkju, sem þjónaði einkum fólki af skoskum uppruna. Þetta var nokkuð hættuspil því að á þessum tíma voru harðar deilur milli kaþólskra og mótmælenda í Englandi. Engar heimildir eru þó fyrir því að hann hafi tekið þátt í slíkum deilum. Ræður hans, sem gefnar voru út, benda þvert á móti til þess að hann hafi verið frjálsslyndur og umburðarlyndur um trúmál.

Dr. Anderson kvæntist í London og eignuðust þau hjón tvö börn, son og dóttur, en litlar sem engar upplýsingar eru til um einkalíf hans. Þó er talið víst að konan hafi verið vel efnuð

og ekkja fyrir giftinguna, en að eignir hennar hafi tapast í fjármálahruni nokkrum árum síðar. Það eignatap átti ef til vill þátt í því að hann sóttist eftir verkefnum utan prestsstarfanna. Anderson varð fljótlega nokkuð þekktur sem fræðimaður á sviði fornfræða og ættfræði og gaf m.a. út rit sem bar titilinn: *Konungleg ættfræði, ættar- töflur keisara, konunga og prinsá frá Adam til vorra tíma*. Hugsanlega hefur þessi fræðimennska leitt hann að hinum fornu fræðum frímúrara.

Gagnrýni á Anderson

Fræðimenn frímúrara og aðrir, sem um verk Dr. James Anderson hafa fjallað, komast ekki hjá því að viðurkenna að hann hafi leikið eitt af lykilhlutverkunum þegar frímúrarastarfsemin í Englandi var skipulögð og samræmd í upphafi 18. aldar. Engu að síður hafa verk hans og vinnubrögð hlotið margvíslega gagnrýni. Sumt af því er vegna þess að þess tíma söguritarar greindu ekki á milli raunverulegrar sagnfræði og þjóðsagna og arfsagna. Saga frímúrara, sem rakin er í upphafi bókana frá Adam og fram undir tíma stórstúkunnar, var lengi vel talin bera vitni um raunverulegan aldur frímúrarahreyfingarinnar. Þegar menn svo áttuðu sig á því að hér var ekki um raunverulega sagnfræði að ræða heldur arfsagnir miðalda, urðu vonbrigðin mikil og Anderson sjálfum var gjarnan kennt um. Hann var þó ekki sá sem bjó þessar arfsagnir til, hann var sá sem tók þessar fornu sagnir úr nokkrum af þeim handritum sem tengd voru múrurum miðalda og lagði þær fram sem dæmi eða sönnun um óslitna sögu frímúrarahreyfingarinnar frá upphafi mannkyns. Það sem honum gekk til var sjálfsagt óskhyggja, það að gera nýju stórstúkuna trausta og trúverðuga með því að leggja henni til marktæka fortíðarsögu. Anderson hefur einnig verið gagnrýndur fyrir ónákvæmni í frásögn sinni af ýmsum atburðum sem áttu sér stað á fyrstu árum stórstúkunnar. Samtímaheimildir, sem fræðimenn hafa grafið upp, hafa staðfest slíkt. Aftur má segja að honum hafi gengið það til að vilja verja heiður hreyfingarinnar með því að segja ekki frá deilum og ósamkomulagi sem stundum voru fyrir hendi þar, milli einstakra stúkna og milli sumra af æðstu meðlimum stórstúkunnar. Loks var hann sakaður um að hafa ýkt og



aukið við lýsinguna á sinni eigin þátttöku í starfsemi hinnar fyrstu stórstúku. Vera má að hann hafi með því ætlað sér að auka trúverðugleika sinn og útgáfu sinnar á Grundvallarskipaninni, sem ætluð var til afnota í öllum stúkunum sem yrðu undir forystu stórstúkunnar í London. Fleiri ásakanir má tína til, en þær breyta því ekki að verk Andersons bar að lokum þann árangur sem stefnt var að, varðveislu hinna fornu fræða múraranna og samræmingu á starfsreglum hinna gömlu, bresku stúkna.

Lokaorð

Þrátt fyrir ásakanir um ónákvæmni og óvönduð vinnubrögð má segja að dr. James Anderson hafi unn-

ið þrekvirki með því að safna saman úr margvíslegum og misjöfnum, fornum handritum þeirri lífsspeki og þeim félagslegu og siðferðilegu hugsjónum sem múrarar og steinsmiðir miðalda, forverar frímúrara, héldu í heiðri. Með því að endurrita þetta mikilvæga efni og koma því fyrir í einni, handhægri bók til notkunar í starfandi stúkum, tókst honum að tryggja ævarandi varðveislu þess fyrir síðari tíma frímúrara. Þannig lagði hinn iðjusami en ekki gallalaus, skoskættaði frímúrari og fræðimaður, James Anderson, grunninn að mörgum verðmætustu þáttunum í frímúrarastarfsemi vorra daga.

Jóhann Heiðar Jóhannsson



Aðstoðarbræður í Eddu. Standandi frá vinstri: Bjarni Ólafsson, Högni Halldórsson og Jónas Eyvindsson. Sitjandi frá vinstri: Jón Jónsson frá Mörk, Ólafur Eyvindsson og Jóhann Ágúst Jóhannesson.

Aðstoðarbræður í upphafi reglustarfs

Á stofnfundi stúkunnar Eddu þann 6. janúar 1919 voru tveir bræður teknir upp sem þjónandi bræður, „tjenende brødre“, eftir lögum og reglum dönsku Reglunnar. Á fundinum voru notaðir danskir síðabálkar og allt sem þar fór fram var á dönsku, enda var stúkan Edda dönsk St. Jóh. stúka starfandi innan vébanda dönsku Reglunnar.

Í 25 ára afmælisriti Reglunnar, *Frímúrarareglan á Íslandi 25 ára*, segir m.a. um stofnfund St. Jóh.st. Eddu:

„Eftir vígsluna hóf St. Jóh.st. Edda starf sitt með því að veita upp-töku tveim aðstbr., Ólafi Eyvinds-syni og Jóni Jónssyni frá Mörk. Síð-an var stúkufundi frestað til kl. 6 síðdegis, og fór þá fram fyrsta ubr. upptaka stúkunnar. Var það Axel Tulinius yfirdómslögmaður, sem gekk í stúkuna.“

Til þess að halda hefðum og sið-um innan þessarar nýju stúku varð að hafa „tjenende brødre“ starfandi í stúkunni því fullgildir frímúrarar-bræður máttu ekki aðstoða við upp-

setningu stúkusalár fyrir fundi né heldur máttu þeir aðstoða við eða þjóna til borðs við bróðurmáltíðir.

Heitið aðstoðarbræður var ekki tekið upp fyrr en við samhliða þýð-ingu síðabálka nokkrum árum eft-ir að stúkan Edda var stofnuð, en á fyrstu árum Eddu var allur texti á dönsku. Líklegt er að við þýðing-ar á síðabálkum í „Ritualnefnd“ hafi þetta komið til umræðu og þá hafi þýðendur, „Ritualnefndin“, í sam-ráði við stjórnendur stúkunnar ákveðið að nota þetta starfsheiti.

Pó svo að í Danmörku, Noregi og í Svíþjóð hafi þessir bræður alltaf verið kallaðir *tjenende brødre*, þjónandi bræður, hefur það ekki þótt viðeigandi hér á landi og eru þeir því kallaðir aðstoðarbræður.

Alls voru 10 aðstoðarbræður teknir upp í stúkunni Eddu.

Í Danmörku og einnig í Svíþjóð og Noregi voru „tjenende brødre“ ýmist þjónar einstakra bræðra t.d. aðalsmanna eða á samningi við Regluna við undirbúning funda og að aðstoða við borðhald. Hér á Íslandi voru allir aðstoðarbræður í flokki þeirra síðarnefndu. Æðsti stjórnandi dönsku Reglunnar hafði sinn, einn eða fleiri, „tjenende brødre“ sem aðstoðuðu hann þegar hann mætti á fundi. Þegar Frode Rydgaard æðsti stjórnandi dönsku Reglunnar, kom hingað til lands til að taka þátt í stofnun og vígslu Frímúrarareglunnar á Íslandi sumarið 1951 hafi hann sinn „tjenende brødre“ með í för.

Þjónandi bræður voru starfandi innan allra reglna sænska kerfisins í Danmörku, Svíþjóð og í Noregi allt fram á síðari hluta síðustu aldar en þjónandi bræður, aðstoðarbræður,

á Íslandi fengu viðurkenningu sem fullgildir bræður í byrjun árs 1944.

Jón Birgir Jónsson R&K



Ljósmyndari: Bjarni Ómar

Jón Birgir Jónsson, fv. HSM.

Jón Birgir hefur flutt fjölda erinda um sögu Reglunnar

Á undanförunum árum hefur br. Jón Birgir Jónsson R&K samið og flutt fjölda erinda um uppruna og sögu Frímúrarareglunnar á Íslandi á vettvangi Rannsóknarstúkunnar Snorra. Á meðal efnis sem hann hefur skoðað er það sem hér birtist, en fræðiritgerð um aðstoðarbræður verður gefin út af Rannsóknarstúkunni Snorra í vetur og henni dreift á bókasöfn Reglunnar.

*Árni Gunnarsson,
Stm. St. Jóh.st. Snorra*

TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350

jura®

Fyrir alla sem elska kaffi



EIRVÍK

Opið virka daga frá kl. 10:00-18:00 og laugardaga frá kl. 11:00-15:00 | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Áhugasamir bræður á námskeiði um framkvæmd stúkufunda.

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Vel heppnuð námskeið sem skerpa og samræma starfið

Laugardagana 10. og 17. október fylltist Regluheimilið í Reykjavík af aðal-embættismönnum í stúkum Frímúr- arareglunnar á Íslandi hvaðanæva að af landinu, þar sem þeir sóttu námskeið og kynningu sem hafði það að markmiði að skerpa á framkvæmd stúkufunda og samræma starfshætti embættismanna. Aðsókn var stórgóð, og góður rómur var gerður að framtakinu meðal þeirra sem námskeiðið sóttu.

Undirbúningur að þessu námskeiðahaldi hófst þegar í mars 2015, en þá ákvað Stórmeistari Reglunnar, Valur Valsson, að setja af stað vinnu við tiltekin verkefni í framhaldi af skýrslu Stefnumótunarnefndar Reglunnar (STMNR).

Hann fól Oddvitum Stúkuráðs og Fræðaráðs, þeim Gunnlaugi Claessen (STR) og Pétur Esrasyni (YAR) að skipuleggja sameiginleg námskeið fyrir embættismenn St. Jóh. og St. Andr.stúkna með það að markmiði að efla festu og fylgni við meginhlutverk Frímúr arareglunnar, sem og við reglusiði.

Þeir skipuðu eftirtalda bræður í vinnuhóp að áliðnum vetri 2015 til að undirbúa verkefnið: Jóhann Heið-



Jóhann Heiðar Jóhannsson í pontu.

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

ar Jóhannsson og Pétur A. Maack, frá Stúkuráði Reglunnar, og Guðmund Guðmundsson og Snorra Egilsson, frá Fræðaráði Reglunnar, og skyldi Guðmundur leiða starf hópsins. Fljótlega bættist Ingolf J. Petersen við sem ritari hópsins.

Hópurinn kom saman og gerði tillögu til STR og YAR um að helstu efn-

isþættir yrðu þessir: Ritaðar heimildir um starf Reglunnar og stúkna, Hlutverk og störf embættismanna, Framkvæmd starfanna (einkum funda), Rekstur stúknanna og samskipti innan og utan þeirra. Tillagan var samþykkt og hófst þá skipulagning námskeiða og leit að og val á leiðbeinendum.



Halldór Reynisson talar og bræður fylgjast með af athygli.



Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Dagsetningar voru ákveðnar 10. okt. fyrir St. Jóh.stúkurnar og 17. okt. fyrir St. Andr.stúkurnar. Í kjölfarið var búinn til rammi fyrir þau efnisatriði sem ætluð væru til umfjöllunar og hann afhentur leiðbeinendum til úrvinnslu. Ákveðið var að bjóða aðalembættismönnum til námskeiðanna og skipta þeim upp í fjóra hópa fyrir hvort námskeið, eða fjögur námskeið, þar sem tvö og tvö væru haldin samhliða fyrir og eftir hádegi.

Vinnuhópurinn hélt síðan reglu-

lega fundi allt sumarið 2015 og fjallaði stöðugt um innihald og framkvæmd námskeiðanna. Einnig voru haldnir upplýsingafundir með leiðbeinendum, bæði öllum í einu og eins með leiðbeinendum fyrir hvert embætti í stúkunum einum sér. Óhætt er að segja að þessi vinna var mjög mikil en afar fróðleg og skemmtileg. Samtímis fór fram skipulagning á einstökum þáttum námskeiðanna og söfnun efnisatriða og hugmynda frá leiðbeinendum sjálfum, sem allir voru reyndir

embættismenn og flestir fyrrverandi.

Námskeiðin voru einstaklega vel sótt, en þessa tvo laugardaga mættu samtals 179 bræður í Regluheimilið, að skipuleggjendum, leiðbeinendum og aðstoðarmönnum meðtöldum, en mæting af hálfu aðalembættismanna stóð í rétt tæplega 90% á landsvísu fyrir bæði námskeiðin, sem verður að teljast einstaklega gott. Vonir standa til að þessi námskeið skili sér af krafti í formi enn betri starfa embættismanna á fundum um allt land.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



STOFNUÐ 1996



Sverrir
Einarsson



Kristín
Ingólfssdóttir



Hinrik
Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



STOFNUÐ 1996



Velkomin í Lauga-ás

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

Fagmennska í fyrirrúmi

*Góð
þjónusta
í 60 ár*



Háaleitisbraut 58-60 + Sími 553 1380
www.bjorg.is



SVAFAR & HERMANN

Kvedja
útfararstofa

Virðing,
reynsla
& þjónusta

Allan
sólarhringinn

571 8222

Svafar:

820 3939

Hermann:

820 3938

Ingibjörg:

820 3937

WWW.KVEDJA.IS



Tímadjásn

Gallery Gull

Handsmíði



Grímsbæ við Bústaðaveg
Sími 553 9260

| | | |
|--|--|---|
|  <p>www.ormsson.is</p> |  <p>Otto B. Arnar ehf. www.oba.is</p> |  <p>LANDARK</p> |
|  |  <p>Strandgötu 39, Eskifirði</p> |  <p>THG ARKITEKTAR</p> |
|  <p>Fjarðargötu 1, Seyðisfirði Sími 472 1300</p> |  <p>austfjardaleid.is</p> |  <p>Urðarteig 22, 740 Neskaupstað</p> |
|  <p>www.bolholt.com</p> |  <p>www.eskja.is</p> |  <p>Lagarfelli 4, Egilsstöðum</p> |
|  <p>Hópfærðir • Keflavík Coaches www.sbk.is</p> |  <p>Hálfarsni 2 • 250 Garði Sími 422 7103 • GSM 892 8812 • Húsupóstur: raf@centrum.is</p> |  |
|  <p>Hraun 3 730 Reyðarfjörður Sími 414 9400 launafli.is</p> |  <p>www.3frakkar.com Hiá Útfari</p> |  <p>BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR Sími 421 2999 • www.nysprautun.is</p> |
|  <p>VISA MasterCard</p> |  <p>www.kjarnafaedi.is</p> |  <p>www.banar.is</p> |
|  <p>www.ekran.is</p> |  <p>www.hsorka.is</p> |  |

Ifö

NÝ LÍNA AF BAÐINNRETTINGUM FRÁ IFÖ

Baðinnréttingarnar eru fánlegar:

hvítar háglans – hvítar mattar – ljósbrúnar – dökkgráar – svört eik

Allt í baðherbergjö frá A til IFÖ

Opð virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is



www.hjonsson.is

QUORUM

www.quorum.is


PACTA

www.pacta.is



lakehotel.is

iKort



overcast software

www.overcast.io



www.iec.is



LÁSHÚSID EHF.

Sími 557 5100 / Fax 557 5010

Bíldshöfða 16 / 110 Reykjavík

lashusid@lashusid.is



www.lyra.is

MARPORT
DEEP SEA TECHNOLOGY

www.marport.com

MÚLARADIÓ
rafeindabjónusta

www.mularadio.is

In memoriam

Látnir bræður

31. október 2014 – 29. október 2015

Bent Sch. Thorsteinsson - Edda X.hm.R.
F.12.01.1922. D.07.01.2015

Björn Reynir Alfreðsson - Njörður X
F.02.05.1937. D.10.10.2015

Björn J. Guðmundsson - Rún X
F.11.04.1931. D.24.05.2015

Björn Hermannsson - Akur IX
F.29.07.1943. D.13.04.2015

Brynjar V. Sigurðsson - Njörður IX
F.29.05.1947. D.23.12.2014

Einar Örn Björnsson - Gimli IX
F.08.07.1925. D.07.05.2015

Erlingur Helgason - Mímir X
F.24.05.1931. D.19.05.2015

Gísli Birgir Jónsson - Akur X
F.05.09.1937. D.16.08.2015

Gísli Steinsson - Mímir IX
F.27.01.1918. D.17.03.2015

Guðmundur Sævar Guðjónsson - Edda X
F.22.07.1948. D.23.05.2015

Gunnar Jónsson - Edda X
F.31.07.1938. D.19.04.2015

Gunnar Þórisson - Röðull III
F.11.07.1975. D.31.12.2014

Gunnlaugur Fr. Jóhannsson - Rún X
F.22.11.1929. D.27.12.2014

Haraldur Magnússon - Mímir X
F.17.02.1953. D.24.10.2015

Helgi Ingólfur Eysteinnsson - Mímir X
F.30.05.1925. D.31.03.2015

Henrik Pétur Biering - Gimli X
F.16.12.1922. D.23.08.2015

Henry Skovgaard Jakobsen - Röðull X
F.15.02.1919. D.11.07.2015

Hermann Níelsson - Edda VI
F.28.02.1948. D.21.01.2015

Indriði Pálsson - Mímir R&K
F.15.12.1927. D.13.05.2015

Ísleifur Sumarliðason - Rún X
F.12.11.1926. D.29.06.2015

Jens Sumarliðason - Gimli X
F.19.04.1930. D.05.02.2015

Jóhann Ólafsson - Rún III
F.02.10.1952. D.29.04.2015

Jón Bergsson - Mímir X
F.30.10.1931. D.25.04.2015

Jónas Þórir Dagbjartsson - Gimli X.hm.R.
F.20.08.1926. D.06.12.2014

Jónatan Einarsson - Njála X
F.01.07.1928. D.17.08.2015

Kjartan Sveinn Guðjónsson - Gimli X
F.02.09.1925. D.24.05.2015

Magnús Pálsson - Edda X
F.31.07.1936. D.22.05.2015

Óskar Sigurðsson - Edda X
F.11.10.1935. D.18.11.2014

Pálmi Viðar Samúelsson - Glitnir X
F.20.05.1934. D.13.02.2015

Ragnar Sigbjörnsson - Röðull VI
F.07.05.1944. D.15.07.2015

Reynir Gísli Karlsson - Edda VIII
F.27.02.1934. D.12.11.2014

Rögvaldur Bergsveinsson - Edda X
F.23.03.1931. D.03.07.2015

Sigurbjörn J. Þ. Þorgeirsson - Edda X
F.27.08.1931. D.18.02.2015

Sigurður Guðjónsson - Hamar IV/V
F.31.05.1945. D.25.12.2014

Sigurður Hallgrímsson - Edda IX
F.25.05.1920. D.01.06.2015

Sigurður Þorkelsson - Edda X
F.01.05.1930. D.14.06.2015

Sturla Eiríksson - Mímir IX
F.21.10.1933. D.30.01.2015

Sæmundur Björnsson - Hamar IX
F.31.10.1926. D.19.01.2015

Valdimar Tómasson - Glitnir IX
F.09.03.1944. D.24.03.2015

Þórður Ársæll Þórðarson - Akur IX
F.05.01.1935. D.29.05.2015

Önundur Ásgeirsson - Gimli R&K
F.14.08.1920. D.02.02.2015



SOL GRYNN[®]

Hell, ristuoð hafragrjón



SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

Bráðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður